



2021

# ÁRSSKÝRSLA



**Merking tákna:**

- \* Bráðabirgðatala eða áætlun.
- 0 Minna en helmingur einingar.
- Núll, þ.e. ekkert.
- ... Upplýsingar vantar eða tala ekki til.
- . Tala á ekki við.

Útgefandi:

Sedlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, 569 9600, [sedlabanki@sedlabanki.is](mailto:sedlabanki@sedlabanki.is), [www.sedlabanki.is](http://www.sedlabanki.is)

ISSN 2772-0837

# Efnisyfirlit

<b>I</b>	<b>Markmið og stefna</b>	<b>5</b>
<b>II</b>	<b>Stefnan í peningamálum</b>	<b>7</b>
	Verðbólga, vextir og gengi á árinu 2021	7
	Peningastefnunefnd	9
	Ákvarðanir peningastefnunefndar 2021	9
<b>III</b>	<b>Fjármálastöðugleiki</b>	<b>11</b>
	Almennt	11
	Staða fjármálastöðugleika	13
	Fjármálastöðugleikanefnd	14
	Ákvarðanir fjármálastöðugleikanefndar 2021	14
<b>IV</b>	<b>Fjármálaeftirlit</b>	<b>15</b>
	Fjármálaeftirlitsnefnd	15
	Eftirlit með fjármála fyrirtækjum	15
	Eftirlit með váttryggingastarfsemi	16
	Eftirlit með lífeyrissjóðum og vörsluaðilum lífeyrissparnaðar	17
	Eftirlit með mörkuðum og viðskiptaháttum	17
	Vettvangsathuganir	18
	Hæfismat, virkir eignarhlutir og starfsleyfi	18
	Aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka	19
	Málum sem lauk með viðurlögum á árinu 2021	19
<b>V</b>	<b>Önnur viðfangsefni</b>	<b>21</b>
	Gjaldeyrisforði	21
	Lánamál ríkissjóðs	22
	Alþjóðleg samskipti	24
	Reiðufé	26
	Menningarstyrkur tengdur nafni Jóhannesar Nordals	26
<b>VI</b>	<b>Stjórn, skipulag og mannauður</b>	<b>27</b>
	Stjórn bankans	27
	Bankaráð	27
	Nefndir bankans	27
	Skipulag	28
	Verkefni sviða	28
	Innra eftirlit og stjórnun áhættu	30
	Mannauðsmál	30
	Framkvæmdir og endurbætur	31
	COVID-19 setti áfram sitt mark á starfið	31
	Yfirstjórn Seðlabanka Íslands 31. desember 2021	31
	Skipurit Seðlabanka Íslands	32

<b>VII</b>	<b>Sjálfbærni</b>	<b>33</b>
	Umhverfismál	33
	Félagslegir þættir	34
	Stjórnarhættir	34
<b>VIII</b>	<b>Afkoma og efnahagur Seðlabanka Íslands</b>	<b>35</b>
	Afkomuhorfur og eiginfjármarkmið	36
<b>IX</b>	<b>Samstæðuársreikningur 2021</b>	<b>37</b>
	Áritun óháðs endurskoðanda	39
	Staðfesting yfirstjórnar Seðlabanka Íslands	41
	Rekstrarreikningur 2021	42
	Efnahagsreikningur 31. desember 2021	43
	Eiginfjáryfirlit	45
	Sjóðstreymisyfirlit	46
	Skýringar	47
<b>X</b>	<b>Viðaukar</b>	<b>79</b>
	Fréttir Seðlabanka Íslands á árinu 2021	79
	Ritaskrá Seðlabanka Íslands árið 2021	80
<b>XI</b>	<b>Töflur</b>	<b>81</b>
	Tafla 1 Vextir við Seðlabanka Íslands	81
	Tafla 2 Opinber gengisvísitala og vísitölur meðalgengis og raungengis krónunnar	82
	Tafla 3 Yfirlit yfir útgefið reiðufé Seðlabanka Íslands í árslok	83
	Tafla 4 Bindiskylduhlutföll (%)	83
	Tafla 5 Helstu vextir sem birtir hafa verið samkvæmt 2. mgr. 10. gr. og bráðabirgðaákvæði III laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu (%)	84
	Tafla 6 Dæmi um árlegt meðaltal vaxta nokkurra útlána innlánsstofnana og dráttarvaxta	84
	Tafla 7 Fjöldi aðila undir eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands	85
	Tafla 8 Starfsemi erlendra aðila á Íslandi	86
	Tafla 9 Efnahagsreikningur Seðlabankans	87

# Markmið og stefna



Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins og heyrir undir forsætisráðherra. Fjármála- og efnahagsráðuneyti fer jafnframt með málefni fjármálastöðugleika og fjármálamarkaða. Lög um Seðlabankann, nr. 92/2019, kveða svo á að hann skuli stuðla að stöðugu verðlagi, fjármálastöðugleika og traustri og öruggri fjármálastarfsemi. Þá skal bankinn sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisforða og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslumiðlun í landinu og við útlönd. Frá sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins í ársbyrjun 2020 fer Seðlabankinn með öll verkefni sem Fjármálaeftirlitinu voru falin í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum.

Í lögnum um Seðlabankann segir jafnframt að hann skuli stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, enda telji hann það ekki ganga gegn markmiðum bankans.

Peningastefnunefnd, fjármálastöðugleikanefnd og fjármálaeftirlitsnefnd starfa samkvæmt ákvæðum laga um Seðlabankann og taka stefnumarkandi ákvarðanir og aðrar lögbundnar ákvarðanir hver á sínu sviði. Nefndirnar hafa sett sér starfsreglur sem birtar eru á vef bankans.

Seðlabankastjóri stýrir og ber ábyrgð á starfsemi og rekstri Seðlabanka Íslands og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum bankans sem ekki eru falin öðrum með lögum. Framkvæmd ákvarðana nefnda bankans er á ábyrgð seðlabankastjóra.

## Stöðugt verðlag

Seðlabankanum er heimilt með samþykki ráðherra að lýsa yfir tölulegu markmiði um verðbólgu. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans frá 27. mars 2001 segir að Seðlabankinn muni stefna að því að árleg verðbólga, reiknuð sem hækkun vísitölu neysluverðs á tólf

mánuðum, verði að jafnaði sem næst 2½%.<sup>1</sup> Lögin um Seðlabankann veita honum fullt sjálfstæði til að beita stjórnækjum bankans í peningamálum til þess að ná markmiðinu um stöðugt verðlag.

Stjórnæki Seðlabankans í peningamálum eru vextir bankans, viðskipti við lánastofnanir önnur en þrautavaralán, bindiskylda, viðskipti á gjaldeyrimarkaði og viðskipti með verðbréf.

Fimm manna peningastefnunefnd tekur stefnumarkandi ákvarðanir um beitingu stjórnækja bankans í peningamálum sem ætlað er að stuðla að því að markmiðum bankans um stöðugt verðlag verði náð. Í nefndinni sitja seðlabankastjóri sem er formaður, vara-seðlabankastjóri peningastefnu og fjármálastöðugleika og tveir utanaðkomandi sérfræðingar skipaðir af forsætisráðherra.

Peningastefnunefnd fundar að minnsta kosti sex sinnum á ári og gefur út yfirlýsingu um ákvarðanir sínar í lok fundar. Fundargerð er birt tveimur vikum eftir fund.

## Fjármálastöðugleiki

Fjármálastöðugleikanefnd metur ástand og horfur í fjármálakerfinu, kerfisáhættu og fjármálastöðugleika. Hún fjallar um og skilgreinir þær aðgerðir sem taldar eru nauðsynlegar á hverjum tíma til að hafa áhrif á fjármálakerfið í þeim tilgangi að efla og varðveita fjármálastöðugleika og beinir í því skyni ábendingum til viðeigandi stjórnvalda þegar tilefni er til. Nefndin skal einnig ákveða hvaða eftirlitsskyldir aðilar, innviðir og markaðir teljast kerfislega mikilvægir og þess eðlis að starfsemi þeirra geti haft áhrif á fjármálastöðugleika.

1. Yfirlýsingin var birt í Peningamálum 2001/2 og á heimasíðu bankans. Tilits háttar breyting var gerð á henni í nóvember 2005.

Sjó manna fjármálastöðugleikanefnd tekur stefnumarkandi ákvarðanir um beitingu stjórnstækja bankans varðandi fjármálastöðugleika. Í nefndinni sitja seðlabankastjóri sem er formaður, varaseðlabankastjórnarnir þrír og þrír utanaðkomandi sérfræðingar skipaðir af fjármála- og efnahagsráðherra. Ráðuneytisstjóri eða tilnefndur embættismaður ráðuneytis sem fer með málefni fjármálastöðugleika skal eiga sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar.

Fjármálastöðugleikanefnd fundar að minnsta kosti fjórum sinnum á ári og gefur út yfirlýsingu um ákvarðanir sínar í lok fundar. Fundargerð er birt innan mánaðar frá fundi.

### Traust og örugg fjármálastarfsemi

Markmið opinbers eftirlits með fjármálastarfsemi er að stuðla að því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur og samþykktir sem hverju sinni gilda um starfsemina.

Fjármálaeftirlitsnefnd tekur ákvarðanir sem áður voru faldar Fjármálaeftirlitinu samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. Nefndin getur framselt vald til varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits til töku ákvarðana sem ekki teljast meiri háttar. Seðlabankastjóri og varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits gegna báðir formennsku

í nefndinni en við mismunandi kringumstæður eins og tilgreint er í lögnum um bankann. Seðlabankastjóri tekur sæti í nefndinni og er formaður hennar þegar teknar eru ákvarðanir um setningu starfsreglna nefndarinnar, framsal valds til varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits sem og ákvarðanir sem varða eigið fé, laust fé og fjármögnun kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja og er þá varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits staðgengill hans.

Þegar nefndin tekur aðrar ákvarðanir er varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits formaður nefndarinnar og varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika staðgengill hans.

Auk seðlabankastjóra og tveggja varaseðlabankastjóra sitja í nefndinni þrír utanaðkomandi sérfræðingar skipaðir af fjármála- og efnahagsráðherra.

\*\*\*\*\*

Í þessari skýrslu er nánari grein gerð fyrir framvindu og helstu þáttum í starfi bankans á ofangreindum þremur meginviðum starfseminnar. Þá er greint frá varðveislu gjaldeyrisforðans, greiðslumiðlun, verkefnum á sviði lánamála ríkissjóðs, alþjóðlegum samskiptum og öðrum viðfangsefnum. Auk þess eru birtir samstæðuársreikningar bankans.



Bankaráð Seðlabanka Íslands eins og það var skipað í árslok 2021 ásamt seðlabankastjóra og ritara ráðsins. Sitjandi frá vinstri eru Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri, Þórunn Guðmundsdóttir, Gylfi Magnússon formaður og Guðrún Sóley Gunnarsdóttir ritari. Standandi frá vinstri eru Una María Óskarsdóttir, Sigurður Kári Kristjánsson, Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir, Frosti Sigurjónsson og Jacqueline Clare Mallett. Jóhanna er varamaður fyrir Bolla Héðinsson sem var fjarverandi er myndin var tekin.



# Stefnan í peningamálum



Samkvæmt lögum skal Seðlabanki Íslands stuðla að stöðugu verðlagi. Markmiðið um stöðugt verðlag er skilgreint sem 2½% hækkun vísitölu neysluverðs á tólf mánuðum í sameiginlegri yfirlýsingu bankans og ríkisstjórnar um verðbólguþátt frá 27. mars 2001. Löggin kveða einnig svo á að peningastefnunefnd Seðlabankans taki ákvarðanir um beitingu stjórnþækja bankans í peningamálum til að ná þessu markmiði.

## Verðbólga, vextir og gengi á árinu 2021


Verðbólga var að meðaltali 4,4% á árinu 2021 samanborið við 2,8% árið 2020. Hún mældist 4,3% í byrjun ársins og hélst að mestu óbreytt fram eftir ári en jókst hratt undir lok þess og nam 5,1% í desember. Verðbólga án húsnæðis var 3,8% á árinu og jókst munur á verðbólgu með og án húsnæðis eftir því sem leið á árið. Undirliggjandi verðbólga minnkaði á árinu og mældist 4% í desember 2021, miðað við meðaltal ólíkra mælikvarða, samanborið við 4,2% á sama tíma árið á undan.

Megindrífkraftur verðbólgu á árinu var hækkun á verði húsnæðis, almennrar þjónustu og eldsneytis. Kostnaður vegna eigin húsnæðis hafði í desember 2021 hækkað um 13,3% milli ára. Markaðsverð húsnæðis á landinu öllu hækkaði um 15,9% á sama tímabili, samanborið við 7,8% hækkun á árinu áður, en á móti vóg lægri raunvaxtakostnaður húsnæðis. Áhrif gengislækkunar krónunnar á verðlag innfluttrar vöru hjöðnuðu er leið á árið og dró smám saman úr innfluttri verðbólgu. Hækkun eldsneytisverðs hafði hins vegar töluverð áhrif en olíuverð á heimsmarkaði var í nóvember 2021 orðið hærra en það var áður en farsóttin skall á. Verð innfluttrar vöru hafði hækkað um 2,9% í desember frá fyrra ári.

Mynd II-1

### Verðbólga á ýmsa mælikvarða

Janúar 2015 - desember 2021



1. Undirliggjandi verðbólga sýnir meðaltal fimm ólíkra mælikvarða.  
Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.


Verð almennrar þjónustu þokaðist einnig upp eftir því sem leið á árið, einkum á fyrri hluta ársins þegar slakað var á sóttvarnaraðgerðum, og nam árshækkunin 4,1% í desember.

Vextir Seðlabankans voru óbreyttir fram í maí 2021 þegar peningastefnunefnd ákvað að hækka þá um 0,25 prósentur. Í ágúst og október ákvað nefndin að hækka vexti bankans enn frekar eða um 0,25 prósentur í hvort skipti og í nóvember ákvað nefndin að hækka vexti um 0,5 prósentur. Í lok árs voru meginvextir bankans (vextir á 7 daga bundnum innlánnum) því 2% og höfðu verið hækkaðir samtals um 1,25 prósentur á árinu 2021. Rökin fyrir hækkun vaxta voru þau að efnahagshorfur höfðu batnað vegna kröftugrar innlendrar eftirspurnar og útlit var fyrir að slakinn í þjóðarþjónskapnum hyrfi fyrr en áður var talið. Verðbólguhorfur höfðu jafnframt versnað og

Mynd II-2

Undirliðir verðbólgu

Janúar 2018 - desember 2021



Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Því var spáð að lengri tíma tæki að ná verðbólgu niður í markmið en áður hafði verið gert ráð fyrir. Auk þess var hætta á að aukin alþjóðleg verðbólga, framboðstrufflanir og innlendir launahækkunar myndu leiða til þess að verðbólga héldist áfram mikil sem gæti leitt til frekari hækkunar á verðbólguvæntingum.

Taumhald peningastefnunnar, mælt með raunvöxtum Seðlabankans, minnkaði í byrjun árs en jókst samhliða vaxtahækkunum bankans er leið á árið. Raunvextir bankans miðað við meðaltal mismunandi mælikvarða á verðbólgu og verðbólguvæntingar til eins árs voru -2,1% í lok ársins og höfðu hækkað um 0,7 prósentur frá því að vextir bankans voru hækkaðir í maí. Á sama tíma hækkuðu raunvextir bankans miðað við tólf mánaða verðbólgu um 0,7 prósentur og voru -2,9% í lok árs.

Mynd II-3

Meginvextir Seðlabanka Íslands<sup>1</sup>

Daglegar tölur 3. janúar 2001 - 31. desember 2021




1. Meginvextir Seðlabankans eru vextir á 7 daga veðlám fram til 31. mars 2009, vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana í Seðlabankanum frá 1. apríl 2009 til 30. september 2009, meðaltal vaxta á viðskiptareikningunum og á 28 daga innstæðubréfum frá 1. október 2009 til 20. maí 2014 og vextir á 7 daga bundnum innlámum frá 21. maí 2014.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd II-4

Raunvextir Seðlabanka Íslands<sup>1</sup>

Janúar 2010 - desember 2021



1. Fram til maí 2014 er miðað við meðaltal innlásvaxta og hámarksaxta á innstæðubréfum með 28 daga binditíma sem meginvexti bankans en frá maí 2014 er miðað við vexti 7 daga bundinna innlána. 2. Fram til janúar 2012 er miðað við 12 mánaða verðbólgu, verðbólguvæntingar fyrirtækja til eins árs, verðbólguálag á fjármálamarkaði og spá Seðlabankans um ársverðbólgu eftir fjóra ársfjórðunga. Frá febrúar 2012 er einnig miðað við verðbólguvæntingar markaðsaðila til eins árs samkvæmt ársfjórðungslegri könnun Seðlabankans.

Heimildir: Gallup, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.


Peningastefnunefnd ákvað á fundi sínum í ágúst að bankinn skyldi halda að sér höndum og hætta að leggja fram tilboð í ríkisskuldabréf á eftirmarkaði að svo stöddu. Taldi nefndin að kaupin hefðu heppnast vel og komið í veg fyrir hækkun langtímakröfu á skuldabréfamarkaði þegar farsóttin barst til landsins og mikil óvissa ríkti í ríkisfjármálum. Nefndarmenn voru jafnframt sammála um að stjórnþækið yrði áfram til staðar þannig að hægt yrði að grípa til þess ef aðstæður kölluðu á það.

Seðlabankinn beitti inngripum á gjaldeyrismarkaði í auknum mæli eftir að faraldurinn hófst og í september 2020 hóf hann reglubundna gjaldeyrissölu til að

Mynd II-5

Gengi krónu og gengisflókt

Daglegar tölur 4. janúar 2010 - 31. desember 2021



1. Verð erlendra gjaldmiðla í krónum. Vinstri ás er andhverfur þannig að styrking krónunnar kemur fram sem hækkun ferilsins. 2. Flókt krónu er 3 mánaða staðalfrávik daglegra breytinga.

Heimild: Seðlabanki Íslands.




auka dýpt og bæta verðmyndun á markaðnum. Í mars 2021 ákvað bankinn að draga úr umfangi reglubundnu gjaldeyrissólunnar og var henni hætt í byrjun maí enda virtist gjaldeyrismarkaðurinn í betra jafnvægi. Þegar leið á sumarið tók gengi krónunnar að lækka þrátt fyrir kröftugan bata í ferðapjónustu og aukna erlenda kortaveltu hérlendis, en áfram var nokkurt útlæði vegna nýfjárfestingar og halla á vöruskiptum við útlönd. Gengi krónunnar tók að hækka á ný í nóvember og skýrðist það líklega að hluta af aukinni framvirkri sölu á gjaldeyri. Í lok árs var gengi krónunnar 2,5% lægra gagnvart viðskiptaveginni gengisvísitölu en í upphafi ársins samanborið við 10,4% lækkun á árinu 2020.

Seðlabankinn keypti gjaldeyri á gjaldeyrismarkaði fyrir 26,9 ma.kr. og seldi gjaldeyri fyrir 49,6 ma.kr á árinu. Hrein gjaldeyrissala Seðlabankans nam því 22,7 ma.kr. Hlutdeild bankans í veltunni á millibankamarkaði nam 21% á árinu samanborið við 37% árið 2020. Heildarvelta á markaði dróst saman um 12% frá árinu 2020.

Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisbréfa hækkaði á árinu þrátt fyrir tímabundna lækkun yfir sumarmánuðina. Ávöxtunarkrafa flestra óverðtryggðra ríkisbréfa var á bilinu 3,2-4,1% í lok árs og nam hækkunin frá árslokum 2020 um 1,5 prósentum. Verðtryggðir langtímavextir hækkuðu lítillega framan af árinu en tóku að lækka á síðari hluta ársins. Ávöxtunarkrafa lengstu verðtryggðu skuldabréfa ríkissjóðs var á bilinu 0,5-0,7% í lok árs eða allt að 0,2 prósentum lægri en á sama tíma árið áður.

Til þess að peningastefna geti verið framsýn þarf Seðlabankinn að ráða yfir haglíkönnum sem gera honum kleift að meta efnahagshorfur, einkum verðbólguhorfur.



Stöðugt er unnið að þróun haglíkana til að meta efnahagshorfur og greina áhrif peningastefnunnar. Liður í því að auka gegnsæi er að Seðlabankinn birtir meginspálíkan sitt og gagnagrunn þess á vef sínum.

Nánari umfjöllun um þróun peningamála, gengis- og gjaldeyrismála og um stefnu og aðgerðir bankans á þessum sviðum á árinu má finna í fundargerðum peningastefnunefndar og ritinu *Peningamál* sem var gefið út fjórum sinnum á árinu.

## Peningastefnunefnd

Samkvæmt lögum tekur peningastefnunefnd Seðlabankans ákvarðanir um beitingu stjórnækja bankans í peningamálum. Stjórnækjin teljast í þessu sambandi vera vaxtaákvörðanir, viðskipti við lánastofnanir önnur en þrautavarálán, bindiskylda, viðskipti á gjaldeyrismarkaði og viðskipti með verðbréf.

Peningastefnunefndin var á árinu skipuð Ásgeiri Jónssyni seðlabankastjóra, en seðlabankastjóri er samkvæmt lögum formaður nefndarinnar, Rannveigu Sigurðardóttur, varaseðlabankastjóra peningastefnu og staðgengli formanns, Gunnari Jakobssyni, varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika, Gylfa Zoëga, prófessor við Háskóla Íslands og Katrínu Ólafsdóttur, dósent við Háskólann í Reykjavík.

Peningastefnunefnd hélt sex fundi á árinu 2021 og gaf út yfirlýsingu um ákvörðun sína eftir hvern fund. Þá birti nefndin fundargerðir sínar opinberlega og gerði grein fyrir ákvörðunum sínum og forsendum þeirra hálfum mánuði eftir að vaxtaákvörðun var tilkynnt. Þar kom fram mat nefndarinnar á stöðu og horfum í efnahags- og peningamálum, rökstuðningur nefndarmanna fyrir afstöðu sinni og upplýsingar um hvernig atkvæði skiptust. Í samræmi við ákvæði laga gaf peningastefnunefnd Alþingi skýrslu um störf sín tvisvar á árinu.

## Ákvarðanir peningastefnunefndar 2021

Ákvarðanir nefndarinnar um beitingu stjórnækja bankans í peningamálum voru með eftirfarandi hætti:

3. *febrúar*: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu óbreyttir. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

24. *mars*: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu óbreyttir. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

19. maí: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu hækkaðir um 0,25 prósentur. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra en Gunnar Jakobsson hefði þó fremur kosið að hækka vexti bankans um 0,5 prósentur.

25. ágúst: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu hækkaðir um 0,25 prósentur. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra en Gunnar Jakobsson og Gylfi Zoëga hefðu þó fremur kosið að hækka vexti bankans um 0,5 prósentur.

6. október: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu hækkaðir um 0,25 prósentur. Ásgeir Jónsson, Rannveig Sigurðardóttir og Katrín Ólafsdóttir greiddu atkvæði með tillögunni. Gunnar Jakobsson og Gylfi Zoëga greiddu atkvæði gegn tillögu seðlabankastjóra og vildu hækka vexti bankans um 0,5 prósentur.

17. nóvember: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu hækkaðir um 0,5 prósentur. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.



Peningastefnunefnd, eins og hún var starfandi á árinu, ásamt ritara. Sitjandi frá vinstri eru Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri og formaður peningastefnunefndar, og Rannveig Sigurðardóttir, vara-seðlabankastjóri peningastefnu. Standandi frá vinstri eru Karen Áslaug Vignisdóttir, ritari nefndarinnar, Gunnar Jakobsson, vara-seðlabankastjóri fjármálastöðugleika, Katrín Ólafsdóttir dósent og Gylfi Zoëga prófessor.

# Fjármálastöðugleiki



## Almennt

Eitt af markmiðum Seðlabanka Íslands er að stuðla að fjármálastöðugleika. Í því felst að fjármálakerfið búi yfir nægum viðnámsþrótti til að standast áföll í efnahagslífinu og á fjármálamörkuðum, geti miðlað lánsfé og greiðslum og dreift áhættu með viðhlítandi hætti.

Seðlabankinn fylgist með og greinir stöðu fjármálakerfisins og greiðslumiðlunar og bregst við ef þörf er á til að vinna gegn þróun sem gæti grafið undan stöðugleika fjármálakerfisins. Bankinn fylgist jafnframt vel með stöðu einstakra lánastofnana, fjármálamarkaða, heimila og fyrirtækja, ytri stöðu þjóðarbúsins, fjármagnsflæði og endurfjármögnunaráhættu innlendra aðila á erlendum lánsfjármörkuðum. Fjármálastöðugleikanefnd Seðlabankans tekur lögum samkvæmt ákvarðanir um beitingu stjórnækja bankans varðandi fjármálastöðugleika.

Ný lög um gjaldeyrismál, nr. 70/2021, tóku gildi á árinu. Með lögnum féllu úr gildi eldri lög um gjaldeyrismál sem og lög um krónueignir sem háðar eru sérstökum takmörkunum (aflandskrónur). Samhliða féllu brott ýmsar reglur og reglugerðir sem tengdust fjármagnshöftum, þar með talið takmarkanir sem sneru að afleiðuviðskiptum. Með nýjum lögum voru síðustu takmarkanir fjármagnshaftanna sem voru í gildi frá efnahagsáfallinu 2008 úr sögunni. Meginregla nýrra laga er hin sama og áður, það er að gjaldeyrisviðskipti, fjármagnshreyfingar og greiðslur á milli landa séu frjálssar. Seðlabankinn hefur þó heimildir til að grípa til ráðstafana til að verja efnahagslegan stöðugleika og fjármálastöðugleika gerist þess þörf. Þau úrræði eru af tvennum toga, annars vegar fyrirbyggjandi stjórnækki (svokölluð þjóðhagsvarúðartækki) og hins vegar verndunarráðstafanir (höft) sem

hægt er að grípa til með leyfi ráðherra í algjörum undantekningartilvikum og við sérstakar aðstæður.

Nýjar reglur Seðlabankans nr. 750/2021 um stöðuga fjármögnun í öllum gjaldmiðlum samtals tóku gildi á árinu. Reglurnar byggjast á reglugerð ESB um stöðuga fjármögnun og leysa af hólmi eldri reglur frá árinu 2014 um stöðuga fjármögnun í erlendum gjaldmiðlum. Nýju reglurnar hafa víðtækara gildissvið en eldri reglur og ná nú til allra lánastofnana en ekki einungis viðskiptabanka. Samkvæmt reglunum ber lánastofnunum skylda til að viðhalda að lágmarki 100% heildarhlutfalli stöðugrar fjármögnunar auk þess sem lánastofnanir bera almenna skyldu til að tryggja samræmi í gjaldmiðlasamsetningu eigna og skulda.

Seðlabankinn hefur það að markmiði að stuðla að öryggi, virkni og hagkvæmni grunninnviða íslensks fjármálakerfis, það er kerfislega mikilvægra fjármála-innviða. Hin stöðugt vaxandi netógn hefur gert það að verkum að seðlabankar hvarvetna leggja ríkari áherslu á þennan málaflokk, þar með talið nauðsyn samstarfs til að bregðast við henni. Það er enda viðurkennt að stórfelldar eða ítrekaðar netárásir geta raskað fjármálastöðugleika. Á árinu 2021 setti Seðlabankinn á lagginn sérstakan samstarfsvettvang um rekstraröryggi fjármála-innviða (skammstafað SURF). SURF er ætlað að móta sameiginlega sýn á aðgerðir til að efla viðnámsþrótt net- og upplýsingakerfa mikilvægra fjármála-innviða og samhæfa aðgerðir komi til rekstrartruflana sem haft geta áhrif á öryggi og skilvirkni fjármálakerfisins. Sérstök áhersla skal vera lögð á að efla netöryggisvarnir og viðnámsþrótt fjármálakerfisins gegn netárásum og í því sambandi að huga að umgjörð stjórnvalda í netöryggismálum með vísan til mögulegrar skörunar, samspils og sjónarmiða um samræmingu. Í störfum sam-


starfsvettvangsins skal einnig höfð hliðsjón af lögum nr. 78/2019, um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða, sem kerfislega mikilvægum fjármálafyrirtækjum og rekstraraðilum skipulegra verðbréfamarkaða og markaðstorgs fjármálagerninga ber að hlíta. Aðild að SURF, sem er valkvæð, eiga auk Seðlabankans fulltrúar frá Arion banka, Fjarskiptastofu, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Íslandsbanka, Kauphöllinni, Landsbankanum, Nasdaq verðbréfamiðstöð, netöryggissveitinni (CERT-IS), Reiknistofu bankanna og Samtökum fjármálafyrirtækja.

Undir lok ársins komust hluthafar Reiknistofu bankanna hf. (RB) að samkomulagi um breyttar áherslur í starfsemi félagsins með það að markmiði að efla öryggi og stuðla að aukinni skilvirkni og hagkvæmni í rekstri fjármálainnviða á Íslandi. Í breytingunum felst að starfsemi RB verður skýrt afmörkuð við samrekstur mikilvægra kerfa fyrir fjármálamarkaðinn, rekstur kerfa greiðslumiðlunar og tengdra innviða. Til að ná fram aukinni samlegð við rekstur sameiginlegra fjármálainnviða keypti RB m.a. kerfið ARK og SWIFT-þjónustu Greiðsluveitunnar ehf., dótturfélags Seðlabanka Íslands. RB verður framvegis aðeins í eigu fjármálafyrirtækja sem taka við innlánnum (innlánsstofnana) og Greiðsluveitunnar, sem fer með hlut Seðlabanka Íslands. Samhliða breytingum á RB setti Seðlabankinn á fót greiðsluráð, reglubókaráð og svokallaðan framtíðarvettvang, í því skyni að styðja enn frekar við þau markmið sem að er stefnt varðandi greiðslumiðlun. Greiðsluveitan mun verða í forsvari á þessu sviði fyrir hönd Seðlabankans.

Seðlabanki Íslands starfrækir skrifstofu skilavalds (e. resolution authority) á grunni laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020, en í þeim felst heimild til að taka ákvarðanir um skilameðferð og beitingu skiláætlana hjá fjármálafyrirtæki sem ekki getur eða mun ekki geta staðið við skuldbindingar sínar.


Á meðal fyrstu verkefna skrifstofunnar var að móta tillögur vegna frumvarps til laga um forgangsröð krafna við skila- og slitameðferð, sem síðar varð að lögum nr. 38/2021. Með lögunum var tilskipun (ESB) 2017/2399 um réttthæð ótryggðra skuldagerninga í kröfuröð lögfest. Samþykkt laganna var eitt af fyrstu skrefunum í átt að MREL-stefnu skilavalds Seðlabanka Íslands, samanber síðari umfjöllun. Fjölmargar EES-reglugerðir sem varða MREL (e. minimum requirement for own funds and eligible liabilities), gerð skiláætlana og framkvæmd skilameðferðar á grundvelli tilskipunar 2014/59/ESB (BRRD-I-tilskipunin), voru innleiddar með setningu stjórnvaldsfyrirmæla af hálfu fjármála- og efnahagsráðuneytis og Seðlabanka Íslands. Þá voru viðmiðunarreglur EBA vegna skilameðferðar gerðar aðgengilegar á vef skilavaldsins sem mun taka mið af efni þeirra við undirbúning og

Mynd III-1  
Húsnæðisverð<sup>1</sup>




1. Vísitalur húsnæðisverðs á höfuðborgarsvæðinu (des. 1997–des. 2021), raunvirtar með vísitölu neysluverðs. Raunverð atvinnuhúsnæðis er meðaltal iðnaðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnæðis.  
Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Mynd III-2  
Skuldir heimila og fyrirtækja sem hlutfall af vergri landsframleiðslu<sup>1</sup>



1. Heildarskuldir heimila og fyrirtækja að frátöldum eignarhaldsfélögum, að kröfuvirði, í hlutfalli við verga landsframleiðslu síðustu fjögurra ársfjórðunga.  
Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Mynd III-3  
Eiginfjárlutföll viðskiptabankanna<sup>1</sup>



1. Samstæður. Eiginfjárgrunnur sem hlutfall af áhættugrunni.  
Heimildir: Ársreikningar viðskiptabanka.



framkvæmd skilameðferðar hér á landi. Með þessum skrefum er innleiðing BRRD-I langt komin hér á landi. Þá er undirbúningur vegna innleiðingar BRRD-II hafinn. Efni BRRD-II varðar einkum MREL og um áhrif tilskipunarinnar er fjallað í MREL-stefnu skilavaldsins. Ákvæði BRRD-II-tilskipunarinnar tengjast að hluta ákvæðum í annarri reglugerðinni um eiginfjárkröfur fjármálfyrirtækja (CRR-II), m.a. ákvæðum um ný skilyrði vegna hæfra skuldbindinga.


Skilavaldið semur skilaáætlanir fyrir fjármálfyrirtæki. Áætlanir verða einungis aðgengilegar skilavaldinu sjálfu en við gerð þeirra er byggt á gögnum frá viðkomandi fyrirtækjum og fjármálaeftirliti. Skilaáætlanir byggjast á stefnumiðaðri viðskiptagreiningu þar sem dregin eru fram nauðsynleg starfsemi og kjarnastarfssvið fjármálfyrirtækja. Í áætlunum skal ákvarða æskilegustu skilastefnu, greina mögulegar útfærslur á æskilegustu skilastefnu og öðrum skilastefnum og tilgreina þær aðgerðir sem skilavaldið mun grípa til ef sú staða kemur upp að tiltekið félag telst vera á fallanda fæti (e. failing or likely to fail).

Áður en skilaáætlun er samþykkt þarf að framkvæma mat á skilabærni. Á árinu 2021 var mat á skilabærni samþykkt fyrir kerfislega mikilvægu banka (KMB). Jafnframt var framkvæmt mat á hvort starfsemi annarra lánastofnana teldist varða almannahagsmuni (e. public interest assessment). Undir lok árs var MREL-stefna skilavalds Seðlabankans samþykkt og birt. Stefnan fjallar um aðferðafræði Seðlabankans við ákvörðun lágmarkshlutfalls eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga (svonefnda MREL-kröfu).

## Staða fjármálastöðugleika

Barátta við COVID-farsóttina hélt áfram á árinu. Margvíslegar stuðningsaðgerðir hins opinbera og slakt taumhald peningastefnu og þjóðhagsvarúðar drógu úr efnahagslegum áhrifum farsóttarinnar og studdi það við heimili og fyrirtæki. Er leið á árið var aðhald bæði peningastefnu og þjóðhagsvarúðar hert á ný er áhrif farsóttarinnar tóku að fjara út.

Staða fjármálastöðugleika var góð í árslok þó að óvissa vegna faraldursins hafi enn verið nokkur, sérstaklega vegna tilkomu ómikrons-afbrigðis kórónaveirunnar undir lok ársins. Viðnámsþróttur viðskiptabankanna var mikill og eiginfjár- og lausafjárstaða þeirra vel yfir lögbundnum mörkum. Á móti jókst kerfisáhætta vegna verulegra hækkana á verði hlutabréfa og fasteigna á árinu, sérstaklega vegna vaxandi skulda heimila samhliða hækkandi íbúðaverði. Stífara aðhald peningastefnu og þjóðhagsvarúðar ætti að vinna á móti þessari þróun.



Óvissa og áhætta vegna atburða og/eða áfalla erlendis frá jókst á árinu og gæti ógnað fjármálastöðugleika.

Sterkt og öflugt bankakerfi hefur skipt sköpum við að viðhalda fjármálastöðugleika og vel starfhæfu fjármálakerfi. Lækkun meginvaxta Seðlabankans við upphaf farsóttarinnar og aflétting kröfu um sveiflujöfnunarauka ásamt öðrum aðgerðum til að auka laust fé í umferð auðvelduðu fjármálfyrirtækjum að veita lántakendum greiðsluskjól og viðhalda á sama tíma útlánagetu. Það studdi kröftuglega við eignamarkaði.

Allir viðskiptabankarnir voru reknir með miklum hagnaði á árinu 2021 og var arðsemi þeirra allra í takt við eða yfir markmiðum. Góð arðsemi skýrist meðal annars af því að bankarnir færðu á árinu til baka hluta af virðisýrnun ársins 2020, þóknunartekjur og tekjur af fjármálastarfsemi jukust samhliða jákvæðri þróun á eignamörkuðum og efnahagsreikningar bankanna héldu áfram að stækka, einkum vegna aukinna íbúðalána til heimila. Með kostnaðaraðhaldi hafa bankarnir síðan náð að styrkja arðsemi grunnrekstrar enn frekar.

Hlutfall lána í vanefndum lækkaði eftir því sem leið á árið og voru vanefndir heimila til að mynda minni í lok árs en við upphaf farsóttarinnar. Þrátt fyrir að vanefndir fyrirtækja hafi minnkað á árinu voru þær hins vegar umtalsvert meiri í lok árs en við upphaf farsóttarinnar, en fyrirtæki í ferðaþjónustu og annarri þjónustustarfsemi sem hafa orðið fyrir áhrifum af sóttvarnaaðgerðum stjórnvalda hafa einkum þurft á greiðsluúrræðum að halda.

Þrátt fyrir umtalsverðar arðgreiðslur viðskiptabankanna á árinu var lausafjárstaða þeirra mjög góð í árslok og vel yfir lágmarki Seðlabankans og innri viðmiðum bankanna sjálfra. Sterk lausafjárstaða endurspeglar

meðal annars aukningu innlána. Allir bankarnir nýttu sér greitt aðgengi að erlendum lánsfjármörkuðum með endurfjármögnun á árinu.

## Fjármálastöðugleikanefnd

Samkvæmt lögum eru ákvarðanir um beitingu stjórn-tækja Seðlabankans varðandi fjármálastöðugleika teknar af fjármálastöðugleikanefnd. Hlutverk nefndarinnar er að leggja mat á ástand og horfur í fjármálakerfinu, bæði varðandi kerfisáhættu og fjármálastöðugleika. Nefndin skal auk þess fjalla um og skilgreina þær aðgerðir sem taldar eru nauðsynlegar á hverjum tíma til að hafa áhrif á fjármálakerfið, í þeim tilgangi að efla og varðveita fjármálastöðugleika, og beina í því skyni ábendingum til viðeigandi stjórnvalda þegar tilefni er til. Þá samþykkir nefndin einnig stjórnvaldsfyrirmæli og tekur þær ákvarðanir sem henni er falið að taka með lögum. Nefndin ákveður einnig hvaða eftirlitsskyldir aðilar, innviðir og markaðir skuli teljast kerfislega mikilvægir og þess eðlis að starfsemi þeirra geti haft áhrif á fjármálastöðugleika.

Fjármálastöðugleikanefnd er skipuð seðlabankastjóra, öllum þremur varaseðlabankastjórnum og þremur sérfræðingum utan bankans. Þá situr ráðuneytisstjóri, eða tilnefndur embættismaður ráðuneytis sem fer með málefni fjármálastöðugleika, fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar. Fjármálastöðugleikanefndin var árið 2021 skipuð Ásgeiri Jónssyni seðlabankastjóra, sem var jafnframt formaður, Gunnari Jakobssyni, varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika, sem var staðgengill formanns, Rannveigu Sigurðardóttur, varaseðlabankastjóra peningastefnu, Unni Gunnarsdóttur, varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits, Axel Hall, lektor við Háskólann í Reykjavík, Bryndísi Ásbjarnardóttur, hagfræðingi hjá Hagstofu Íslands, og Guðmundi Kristjáni Tómassyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra fjármálainnviða hjá Seðlabanka Íslands.

Fjármálastöðugleikanefnd fundaði alls fimm sinnum á árinu en samkvæmt lögum skal nefndin halda að minnsta kosti fjóra fundi á ári. Nefndin birti ákvarðanir sínar opinberlega í fjórum yfirlýsingum og gerði þar grein fyrir beitingu stjórn-tækja á sviði fjármálastöðugleika ásamt mati sínu á ástandi og horfum í fjármálakerfinu, kerfisáhættu og fjármálastöðugleika. Fundargerðir nefndarinnar eru birtar opinberlega á heimasíðu Seðlabanka Íslands. Í fundargerðunum og í ritinu *Fjármálastöðugleiki*, sem var gefið út tvisvar á árinu, má finna nánari umfjöllun um fjármálastöðugleika og um stefnu og aðgerðir bankans á þessu sviði.

## Ákvarðanir fjármálastöðugleikanefndar 2021

Nefndin ákvað í mars að halda gildi sveiflujöfnunaraukans óbreyttu í 0%.

Nefndin samþykkti í júní að setja sérstakar reglur um afleiðuviðskipti á grundvelli nýrra laga um gjaldeyris-mál. Reglurnar fela í sér einföldun og minni takmarkanir á gjaldeyrisviðskiptum en áður var. Þá ákvað nefndin að lækka hámark veðsetningarhlutfalls fasteignalána til neytenda úr 85% í 80% en halda hámarkshlutfalli fyrir fyrstu kaupendur óbreyttu í 90%. Jafnframt ákvað nefndin að taka til nánari skoðunar beitingu greiðslu-byrðarhlutfalls, þ.e. hámark á greiðslubyrði fasteignalána sem hlutfall af ráðstöfunartekjum. Nefndin ákvað að halda sveiflujöfnunarauka á fjármálafyrirtæki óbreyttum í 0%.

Í september ákvað nefndin að setja reglur um hámark á greiðslubyrði fasteignalána sem hlutfall af ráðstöfunartekjum. Nefndin ákvað að greiðslubyrðarhlutfall fasteignalána skyldi frá 1. desember 2021 almennt takmarkast við 35% af ráðstöfunartekjum en við 40% fyrir fyrstu kaupendur. Við útreikninga á hlutfallinu er heimilt að miða við jafngreiðslulán og ákveðið hámark á lánstíma. Lánveitendum var veitt undanþága frá reglunum fyrir allt að 5% heildarfjárhæðar nýrra fasteignalána sem veitt eru í hverjum ársfjórðungi. Nefndin ákvað í ljósi aukinnar uppsöfnunar sveiflutengdrar kerfis-áhættu að hækka gildi sveiflujöfnunaraukans úr 0% í 2%. Gildistaka ákvörðunar nefndarinnar miðast við lok september 2022, í samræmi við þær reglur sem um sveiflujöfnunaraukann gilda. Fjármálastöðugleikanefnd lauk einnig í september árlegu endurmati á kerfislegu mikilvægi fjármálafyrirtækja í samræmi við aðferða-fræði Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og staðfesti kerfislegt mikilvægi Arion banka, Landsbankans og Íslandsbanka. Nefndin hélt eiginfjáruka vegna kerfislegs mikilvægis óbreyttum í 2% á allar áhættuskuldbindingar á móðurfélags- og samstæðugrunni.

Í nóvember ræddi fjármálastöðugleikanefnd um málefni skilavalds og samþykkti nefndin skilabærni kerfislega mikilvægu viðskiptabankanna.

Á fundi sínum í desember samþykkti nefndin MREL-stefnu Seðlabanka Íslands. Þar er meðal annars tilgreint hvernig MREL-krafa lánastofnana er ákvörðuð. MREL-krafa felur í sér að eigið fé og tilteknar skuldir fjármálafyrirtækis nægi til að tryggja að það geti mætt ófyrirséðu tapi og að hægt verði að endurfjármagna það án opinbers fjárstuðnings ef það telst á fallanda fæti. Nefndin ákvað einnig á fundinum að halda gildi sveiflujöfnunaraukans óbreyttu í 2%.



# Fjármálaeftirlit



Seðlabanki Íslands skal stuðla að traustri og öruggri fjármálastarfsemi. Seðlabankinn fer með þau verkefni sem fjármálaeftirliti eru falin í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. Bankinn fylgist með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli og að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti, samanber lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Þá fylgist bankinn með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila taki mið af neytendavernd.

## Fjármálaeftirlitsnefnd

Fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabankans tekur ákvarðanir sem faldar eru fjármálaeftirliti samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. Nefndin getur framselt til varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits vald sitt til töku ákvarðana sem ekki teljast meiri háttar.

Á árinu 2021 hélt fjármálaeftirlitsnefnd ellefu fundi en auk þess tók nefndin níu mál til meðferðar utan funda eins og henni er heimilt að gera.

Í fjármálaeftirlitsnefnd sitja Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri, Unnur Gunnarsdóttir, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits, Gunnar Jakobsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika, Ásta Þórarinsdóttir, hagfræðingur, Andri Fannar Bergþórsson, lektor við Háskólann í Reykjavík, og Guðrún Þorleifsdóttir, skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Seðlabankastjóri og varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits gegna báðir formennsku í nefndinni en við mismunandi kringumstæður eins og tilgreint er í lögum um bankann. Seðlabankastjóri tekur sæti í nefndinni og er formaður hennar þegar teknar eru ákvarðanir um setningu starfsreglna nefndarinnar, framsal valds til varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits sem og ákvarðanir sem varða eigið fé, laust fé og fjár-

mögnun kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja og er þá varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits staðgengill hans. Í tilvikum annarra ákvarðana nefndarinnar er varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits formaður hennar og varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika staðgengill hans.

Í yfirlýsingu fjármálaeftirlitsnefndar 13. janúar voru birt endurskoðuð tilmæli um arðgreiðslur fjármálafyrirtækja og kaup þeirra á eigin hlutabréfum. Í endurskoðuðum tilmælum nefndarinnar voru fjármálafyrirtæki hvött til þess að gæta ýtrustu varúðar við útgreiðslu arðs og kaup á eigin hlutabréfum fram til 30. september 2021. Með yfirlýsingu fjármálaeftirlitsnefndar 30. júní felldi nefndin brott tilmæli sín fyrir en áætlað var þar sem áhrif COVID-19-faraldursins á fjármálafyrirtæki virtust minni en óttast var í upphafi árs. Nefndin brýndi þó áfram fyrir fjármálafyrirtækjum að gæta ýtrustu varfærni við ákvörðun um útgreiðslu arðs og gerð áætlana um kaup á eigin hlutabréfum.

## Eftirlit með fjármálafyrirtækjum

Undir eftirlit Seðlabanka Íslands með fjármálafyrirtækjum fellur eftirlit með viðskiptabönkum, sparisjóðum, lána-fyrirtækjum, verðbréfafyrirtækjum, greiðslustofnunum og rafeyrisfyrirtækjum. Reglubundið eftirlit með fjármálafyrirtækjum er í samræmi við grunneftirlitslíkan fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands sem skilgreinir með hvaða tíðni helstu áhættuþættir í rekstri félaganna eru teknir til athugunar og felur í sér yfirferð gagna í reglubundnum skilum fjármálafyrirtækja auk rýni á lykilmælikvörðum og viðskiptaáætlunum. Einnig eru framkvæmdar sértækar athuganir og greiningar ásamt því að viðtöl eru tekin við tiltekna lykilstarfsmenn þeirra.

Þrjú viðskiptabankar, Arion banki hf., Íslandsbanki hf. og Landsbankinn hf., eru skilgreindir sem kerfislega mikilvægir bankar (KMB) af fjármálastöðugleikanefnd Seðlabankans. Eftirlit með KMB er töluvert umfangsmeira en eftirlit með öðrum eftirlitsskyldum aðilum vegna mikilvægis þeirra fyrir fjármálastöðugleika.

Grannt var fylgst með gæðum útlána banka og annarra lánastofnana sem hafa orðið fyrir áhrifum af COVID-19 og hefur eftirlit með útlánaáhættu fengið aukið vægi, m.a. með tíðari vettvangsathugunum. Umfangsmesta aðgerðin hérlendis til að bregðast við vanda lánþega vegna COVID-19 fólst í almennum greiðsluhléum, en það úrræði var fellt niður á árinu. Í framhaldi af því hefur verið töluvert um áframhaldandi greiðsluhlé á afborgunum á vöxtum og/eða höfuðstól. Slíkar fyrirgreiðslur eru ekki lengur flokkaðar með almennum hætti heldur oftast flokkaðar með ívilnun. Við þessar aðstæður reynir í auknum mæli á þá grundvallarreglu varúðar og reikningsskila að útlánaáhætta sé rétt metin í efnahag lánastofnana, bæði til skemmri og lengri tíma. Mikilvægt er að umgjörð lánastofnana styðji við að tímanlega séu borin kennsl á áhættu, unnið sé úr þeim útlánunum sem hafa verið í greiðsluhléi á viðeigandi hátt og að tryggilega sé staðið að mati á virðisrýrnun útlána og umsjón útlána í vanefndum.

Enn ríkir nokkur óvissa um gæði hluta af útlánunum KMB en vanskilahlutföll samkvæmt skilgreiningu EBA (e. non-performing loans) voru lág í sögulegu samhengi undir lok ársins 2021 eða nálægt 2%. Á sama tíma hefur hlutfall útlána með ívilnun verið töluvert hærra hérlendis en að meðaltali í Evrópu, en fer þó lækkandi. Þá gera bjartsýnni spár bankanna um útlánagæði það að verkum að virðisrýrnun útlána hefur að töluverðu leyti gengið til baka. Það ásamt hröðum vexti íbúðalána skýrir að miklu leyti lækkun virðisrýrnunarhlutfalls þeirra á árinu 2021.

Á árinu 2021 var áfram lögð áhersla á rekstraráhættu við áhættumat á fjármálamarkaði og sérstaklega horft á útvistun í samræmi við áherslur fjármálaeftirlitsins. Í ljósi áherslna EBA á netvarnir og vegna vaxandi ógnar sem stafar af netárásunum var einnig lögð áhersla á að skoða netvarnir og viðnámsþrótt fjármálfyrirtækja vegna þeirra. Þá var hafinn undirbúningur að innleiðingu tilskipunar (ESB) 2015/2366 (PSD2) í íslenskan rétt, m.a. með því að taka í notkun nýtt frávikatilkynningakerfi sem byggist á viðmiðunarreglum EBA vegna PSD2. Tilskipunin var innleidd hér á landi með lögum nr. 114/2021, um greiðsluþjónustu.

### Könnunar- og matsferli (SREP)

Árlega framkvæmir fjármálaeftirlitið ítarlegt könnunar- og matsferli (e. Supervisory Review and Evaluation

Process, SREP) hjá KMB. Í könnunar- og matsferlinu leggur fjármálaeftirlitið mat á helstu áhættuþætti sem felast í starfsemi bankanna og með hvaða hætti þeir meðhöndla þá, þ.m.t. stýringu og eftirlit. Ferlið felur jafnframt í sér að fjármálaeftirlitið leggur mat á og ákveður eiginfjárförf banka undir stoð II-R sem segir til um það eigið fé sem er nauðsynlegt að viðkomandi banki haldi vegna áhættu sem hann stendur frammi fyrir eða gæti staðið frammi fyrir, til viðbótar við lágmarkskröfur um eigið fé undir stoð I. Könnunar- og matsferlið fer fram í samræmi við *Almenn viðmið og aðferðafræði vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálfyrirtækjum*. Viðmiðin eru endurskoðuð reglulega og eru í samræmi við viðmiðunarreglur Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um sama efni.

Í júlí 2021 var birt niðurstaða úr könnunar- og matsferli KMB um viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn sem kemur til viðbótar grunnkröfu um eiginfjárgrunn og sam- anlagðri kröfu um eiginfjáruka. Samkvæmt ákvörðun fjármálaeftirlitsnefndar nemur viðbótarkrafa um eiginfjárgrunn KMB á samstæðugrunni á bilinu 2,5-3,5% og er því heildarkrafa um eiginfjárgrunn þeirra á bilinu 17,8-18,9%. Eiginfjárlutföll KMB voru vel yfir þessum kröfum í lok árs 2021.

Hjá áhrifaminni fjármálfyrirtækjum fer könnunar- og matsferli sjaldnar fram en hjá kerfislega mikilvægum bönkum, þ.e. að jafnaði þriðja hvert ár nema aðstæður kalli á aukna tíðni. Þess á milli fer fram umfangsminna árlegt áhættumat fyrir þessi fjármálfyrirtæki. Þetta er í samræmi við það grundvallarsjónarmið í áhættumiðuðu eftirliti að megináhersla sé lögð á eftirlit með fyrirtækjum sem geta stofnað fjármálastöðugleika í hættu eða valdið stórum hópi viðskiptavina alvarlegum óþægindum eða tjóni.

### Endurbótaáætlanir

KMB skiluðu í fjórða sinn til fjármálaeftirlitsins endurbótaáætlunum í lok árs 2021. Við sameiningu Kvikubanka hf. og TM trygginga hf. bættist samstæðan í hóp þeirra fjármálfyrirtækja sem þurfa að standa skil á fullgildum endurbótaáætlunum og skilaði samstæðan slíkra áætlun í fyrsta sinn í lok árs.

Áhrifaminni fjármálfyrirtæki skiluðu einfaldri endurbótaáætlun í október 2021 í annað sinn.

## Eftirlit með vátryggingastarfsemi

Á árinu 2021 var lögð áhersla á stjórnarhætti, markaðs- áhættu, rekstraráhættu og vátryggingaáhættu í eftirliti á vátryggingamarkaði.

Reglubundið eftirlit með váttryggingafélögum snýr m.a. að gjaldpólsstöðu þeirra og getu til að mæta fjárhagslegum skuldbindingum. Fylgst er náið með að starfsleyfisskilyrði séu uppfyllt, að starfshættir séu í samræmi við lög og reglur og að gripið sé til viðeigandi ráðstafana hverju sinni. Fjármálaeftirlitið fer yfir reglubundin gagnaskil og tekur viðtöl við forstjóra, ábyrgðaraðila lykilstarfs sviða og ytri endurskoðanda. Þá metur fjármálaeftirlitið árlega þá áhættu sem snýr að rekstri váttryggingafélaga, í samræmi við *Almenn viðmið og aðferðafræði vegna eftirlitsferlis Fjármálaeftirlitsins með váttryggingafélögum* ásamt því að greina þróun á markaði. Samstarf við Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina (EIOPA) er stór hluti af starfi við reglubundið eftirlit með váttryggingafélögum, en áherslur EIOPA endurspeglast m.a. í verkáætlun fjármálaeftirlitsins auk þess sem laga- og regluverk á váttryggingamarkaði er unnið í tengslum við EIOPA og er fylgst grannt með þeirri vinnu.

Sértækar athuganir fóru fram hjá váttryggingafélögum á árinu 2021 og var m.a. starfsemi lykilstarfs sviða skoðuð með hliðsjón af skilyrðum laga og reglugerða, þ. á m. regluvarsla og áhættustýring. Þá var sértæk fjárfestingarathugun framkvæmd ásamt því að kallað var eftir sjálfsmati stjórnar. Einnig voru forsendur gjaldpólsútreikninga váttryggingafélaganna kannaðar. Ábendingum var eftir atvikum komið á framfæri við félögin vegna þessara athugana.

## Eftirlit með lífeyrissjóðum og vörsluaðilum lífeyrissparnaðar

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar. Annars vegar er um að ræða reglulegt eftirlit í samræmi við grunneftirlitslíkan fjármálaeftirlitsins en þar er skilgreint hversu oft helstu áhættuþættir í rekstri lífeyrissjóðanna eru teknir til athugunar. Hins vegar er um að ræða sértækar athuganir eftir aðstæðum og tilefni hverju sinni. Helstu áhættuþættir og þróun á markaði eru greind og fylgst náið með að starfsleyfisskilyrði séu uppfyllt, að starfshættir séu í samræmi við lög og reglur og að gripið sé til viðeigandi ráðstafana hverju sinni. Þá er eigið áhættumat lífeyrissjóða tekið til skoðunar og viðtöl tekin við tiltekna lykilstarfsmenn.

Reglubundið eftirlit með lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar felur í sér eftirlit með hlítinu við lög og reglur. Þá metur fjármálaeftirlitið árlega áhættu í rekstri lífeyrissjóðanna. Á árinu 2021 var sérstök áhersla lögð á stjórnarhætti, rekstraráhættu, útvistun og markaðsáhættu lífeyrissjóðanna og var farið í sértækar athuganir tengdar þessum áhættuþáttum, m.a. á áhættustýringu og útvistun, auk athugana á tryggingafræðilegri

stöðu. Farið var yfir eigið áhættumat lífeyrissjóðanna auk þess sem tekin voru viðtöl við framkvæmdastjóra, ytri og innri endurskoðanda og tryggingafræðinga þeirra. Athugasemdum og ábendingum var komið á framfæri við lífeyrissjóðina vegna þessara athugana.

## Eftirlit með mörkuðum og viðskiptaháttum

Á árinu fjárfestu almennir fjárfestar meira á verðbréfamörkuðum hérlendis en í nokkur ár þar á undan. Fjármagn rataði meðal annars í verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði í talsverðum mæli en einnig fjölgaði einstaklingum í hluthafahópi meðal skráðra félaga.

### Eftirlit með verðbréfamarkaði

Markmið eftirlits á verðbréfamarkaði er að stuðla að því að markaðurinn sé skilvirkur og öruggur. Það er m.a. gert með viðvarandi eftirliti með upplýsingagiöf útgefenda verðbréfa, eftirliti með viðskiptahegðun þátttakenda á markaði, svo sem mögulegum innherjasvikum og markaðsmisnotkun, og með athugunum á skýrslum eftirlitskyldra aðila til fjármálaeftirlitsins. Þá hefur fjármálaeftirlitið einnig eftirlit með starfsemi kauphalla (einn aðili) og verðbréfamiðstöðva (tveir aðilar).

Á árinu 2021 hóf fjármálaeftirlitið rannsókn á 24 málum sem komu upp á verðbréfamarkaði, þar af byggðust 15 á ábendingum frá Kauphöll Íslands. Líkt og fyrri ár vörðuðu flest málanna meint innherjasvik og upplýsingaskylda útgefenda. Af þeim málum sem tekin voru til rannsóknar var 16 lokið á árinu 2021 og líkt og fyrri ár lauk flestum málum án niðurstöðu um brot eða í 12 tilvikum. Þremur málum lauk með athugasemd og einu með kæru til lögreglu vegna meintrar markaðsmisnotkunar.

Lokið var við vettvangsathugun á skýrsluskilum eins viðskiptabanka um viðskipti með fjármálagerninga. Frá Kauphöll Íslands bárust undanþágubeiðnir frá gagnsæiskröfum um tiltekna tegundir tilboða sem markaðsaðilar setja fram í tilboðausýslukerfi Kauphallarinnar, en þær voru 13 talsins. Undanþágubeiðnirnar voru samþykktar á árinu. Tilkynningum um skortstöður og staðfestum lýsingum fækkaði frá árinu á undan. Þrátt fyrir fækkun lýsinga voru þó á hinn bóginn stórar lýsingar Íslandsbanka hf. og Síldarvinnslunnar hf. staðfestar vegna töku hlutabréfa félaganna til viðskipta á aðalmarkaði Kauphallar Íslands.

### Eftirlit með viðskiptaháttum

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum eftirlitskyldra aðila. Slíkt eftirlit felur m.a. í sér frumkvæðisathuganir og athuganir á grund-

velli ábendinga til fjármálaeftirlitsins. Þá fara einnig fram greiningar, s.s. á fjárfestingu almennra fjárfesta. Markmið eftirlitsins er að stuðla að betri framkvæmd á fjármálamarkaði og efla vernd neytenda. Undir viðskiptahætti falla m.a. hvers kyns samskipti eftirlitsskyldra aðila og viðskiptavina og hugsanlegra viðskiptavina við sölu á vörum og þjónustu, s.s. upplýsingagjöf til viðskiptavina, ráðgjöf, gagnsæi í verðlagningu, markaðssetningu og meðhöndlun kvartana. Á árinu voru reglulega birtar tilkynningar á vef Seðlabankans um mál sem tengjast ýmist neytendum og/eða markaðsaðilum, ásamt því að viðvörðunum frá evrópsku eftirlitsstofnununum var komið á framfæri við markaðsaðila og almenning á vef bankans.

Á árinu 2021 bárust 176 ábendingar og kvartanir er vörðuðu viðskiptahætti og málefni neytenda á fjármálamarkaði. Nokkrar athuganir voru gerðar á árinu, svo sem á markaðssetningu verðbréfasjóða á samfélagsmiðlum á vegum eins rekstraraðila og á upplýsingagjöf þriggja lífeyrissjóða um skiptingu lífeyrisréttinda á milli maka. Þá var gerð greining á fjárfestingu almennra fjárfesta í fjármálagerningum. Gerðar voru sáttir við tvo eftirlitsskylda aðila, annars vegar vegna sölu og markaðssetningar til almennra fjárfesta án þess að gætt væri að skyldum vegna ráðstafana vegna hagsmunaárekstra, upplýsingagjafar, mats á hæfi og flokkun viðskiptavina og hins vegar vegna skorts á skráningu og varðveislu gagna.

Enn fremur varði starfsfólk sem sinnir eftirliti með viðskiptaháttum miklum tíma í innleiðingu umfangsmikilla reglugerða og tilskipana ESB í íslensk lög á árinu, ásamt því að hafa aðkomu að ýmsum nefndum á vegum evrópsku eftirlitsstofnananna.

### **Eftirlit með rekstrarfélögum verðbréfasjóða, verðbréfasjóðum og rekstraraðilum sérhæfðra sjóða**

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með rekstrarfélögum verðbréfasjóða, verðbréfasjóðum og rekstraraðilum sérhæfðra sjóða. Lykiláhersla í slíku eftirliti snýr að því hvort umræddir sjóðir fjárfesti í samræmi við lagaheimildir og eigin reglur. Þá er einnig haft eftirlit með áhættustýringu, hagsmunaárekstrum og lausafjárstýringu sjóða sem og skyldum vörsluaðila slíkra sjóða. Mikill fjöldi umsókna um heimild til markaðssetningar sérhæfðra sjóða hérlendis frá erlendum rekstraraðilum utan EES var afgreiddur á árinu. Þá var kostnaður og gjaldtaka verðbréfasjóða tekin til athugunar, en þar var um samevrópska athugun að ræða.

## **Vettvangsathuganir**

Vettvangsathuganir styðja við reglubundið eftirlit með eftirlitsskyldum aðilum og eru ein þeirra aðferða sem

fjármálaeftirlitið beitir til að sinna lögbundnu hlutverki sínu. Markmið vettvangsathugana er að greina ítarlega áhættuþætti í starfsemi eftirlitsskyldra aðila og leggja mat á viðskiptalíkön, stjórnarhætti og innri eftirlitskerfi þeirra. Ákvarðanir um vettvangsathuganir eru byggðar á áhrifavægi eftirlitsskyldra aðila ásamt niðurstöðu áhættumats auk áhersla fjármálaeftirlitsins á hverjum tíma. Jafnframt er tekið mið af stærð, starfsemi og áhættusniði eftirlitsskyldra aðila.

COVID-19-faraldurinn hafði áfram nokkur áhrif á vettvangsathuganir sem fyrirhugaðar voru á árinu. Ekki var hægt að framkvæma hluta þeirra á vettvangi en þess í stað fóru þær að nokkru fram í gegnum fjarfundabúnað þar sem fundað var með fulltrúum eftirlitsskyldra aðila.

Lokið var við 24 vettvangsathuganir á árinu 2021. Áfram var lögð áhersla á athuganir sem sneru að aðgerðum eftirlitsskyldra aðila gegn peningabætti og fjármögnum hryðjuverka, ásamt athugunum er tengdust útlánaáhættu, rekstraráhættu og stjórnarháttum og innra eftirliti í starfsemi eftirlitsskyldra aðila.

## **Hæfismat, virkir eignarhlutir og starfsleyfi**

### **Hæfismat stjórnarmanna og framkvæmdastjóra**

Fjármálaeftirlitið leggur mat á hæfi og hæfni stjórnarmanna og framkvæmdastjóra eftirlitsskyldra aðila. Hæfismatið er framkvæmt þegar stjórnarmenn og framkvæmdastjórar hefja störf hjá eftirlitsskyldum aðilum auk þess sem fjármálaeftirlitið getur tekið hæfi þeirra til endurskoðunar ef tilefni er til. Það er þó ávallt á ábyrgð eftirlitsskyldra aðila að tryggja að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar þeirra fullnægi hæfisskilyrðum laga og reglna.

Fjármálaeftirlitið lagði mat á hæfi 94 stjórnarmanna og framkvæmdastjóra eftirlitsskyldra aðila á árinu 2021. Meginhluti hæfismatanna varðaði stjórnarmenn. Lokið var að mestu við hæfismat sem fresta þurfti frá fyrra ári vegna kórónuveirufaraldursins. Áfram hafði heimsfaraldurinn þó þau áhrif að ekki tókst að taka viðtöl við nokkurn fjölda stjórnarmanna og því var ekki unnt að ljúka hæfismati fyrir þá á árinu. Stefnit er að því að ljúka því á fyrri hluta ársins 2022.

### **Virkir eignarhlutir**

Fjármálaeftirlitið metur hæfi aðila sem hyggjast eignast virkan eignarhlut í eftirlitsskyldum aðilum. Ekki var mikið um breytingar á eignarhaldi eftirlitsskyldra aðila á árinu 2021. Afgreidd var ein tilkynning um virkan eignarhlut í þremur váttryggingafélögum á árinu.

## Starfsleyfi og aðrar leyfisveitingar

Nokkuð var um breytingar tengdar starfsleyfum eftirlitsskyldra aðila á árinu 2021. Fjármálaeftirlitið veitti fyrirtæki starfsleyfi sem rafeyrisfyrirtæki en samhliða var starfsleyfi fyrirtækisins sem greiðslustofnunar afturkallað. Þá var samþykktur samruni þriggja fyrirtækja á fjármálamarkaði og við samrunann myndaðist fjármálasamsteypa. Jafnframt voru skráðir fimm nýir rekstraraðilar sérhæfðra sjóða. Tvö verðbréfafyrirtæki, eitt rekstrarfélag verðbréfasjóða og einn rekstraraðili sérhæfðra sjóða fengu aukið starfsleyfi. Auk þess voru starfsleyfi þriggja rekstrarfélaga verðbréfasjóða afturkölluð en félögin héldu leyfi sínu til að starfa sem rekstraraðilar sérhæfðra sjóða. Starfsleyfi váttryggingafélags var afturkallað og auk þess voru tveir rekstraraðilar sérhæfðra sjóða afskráðir og eitt innheimtuleyfi fellt niður.

## Aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Fjármálaeftirlitið sinnir áhættumiðuðu eftirliti með tilkynningarskyldum aðilum í samræmi við lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Tilkynningarskyldir aðilar undir eftirliti voru 95 talsins í árslok 2021.

Fjármálaeftirlitið framkvæmdi fjölda athugana, þ.m.t. átta vettvangsathuganir og annars konar athuganir er vörðuðu eftirfylgni vegna athugana á áhættumati og áhættumiðuðum aðgerðum hjá tilkynningarskyldum aðilum. Á árinu hófust einnig viðtöl við ábyrgðarmenn tilkynningarskyldra aðila með aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og var fjöldi slíkra viðtala tekinn. Þá var birtur listi yfir starfsheiti sem teljast til háttsettra opinberra starfa í tengslum við mat á einstaklingum sem teljast í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla. Jafnframt var sérstakt fræðsluefni um áhættumiðaðar og fyrirbyggjandi aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka gefið út á árinu. Auk þess voru haldnir kynningar- og fræðslufundir fyrir tilkynningarskylda aðila.

## Málum sem lauk með viðurlögum á árinu 2021

Á árinu 2021 lauk fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands fjórum málum með samkomulagi um sátt við málsaðila. Í sátt felst að málsaðili gengst við því að hafa brotið gegn ákvæðum laga eða ákvörðunum fjármálaeftirlitsins, upplýsir að fullu um brotið og gerir samkomulag við fjármálaeftirlitið um tiltekna sektargreiðslu sem rennur í ríkissjóð. Í þeim fjórum málum sem lokið var með

samkomulagi um sátt námu fjárhæðir sekta á bilinu 700 þ.kr. til 18 m.kr. Í einu samkomulagi féllst málsaðili jafnframt á að gera tiltekna úrbætur innan tilgreindra tíma marka í samræmi við kröfur fjármálaeftirlitsins. Nánar er fjallað um viðurlög og annað er tengist þessum málaflokki í ritinu *Fjármálaeftirlit* sem Seðlabankinn gefur út einu sinni á ári.





Fjármálastöðugleikanefnd, eins og hún var starfandi á árinu, ásamt ritara. Sitjandi frá vinstri eru Rannveig Sigurðardóttir, varaseðlabankastjóri peningastefnu, Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri og formaður nefndarinnar, Gunnar Jakobsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika og Unnur Gunnarsdóttir, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits. Standandi frá vinstri eru Eggert Þróstur Þórarinnsson ritari, Tómas Brynjólfsson, skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneyti, með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar, Bryndis Ásbjarnardóttir, hagfræðingur hjá Hagstofu Íslands, Guðmundur Kristján Tómasson, fyrrverandi framkvæmdastjóri fjármálainniðnaða hjá Seðlabanka Íslands, og Axel Hall, lektor í Háskólanum í Reykjavík.



Fjármálaeftirlitsnefnd á árinu 2021. Sitjandi frá vinstri eru Gunnar Jakobsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika, Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri og Unnur Gunnarsdóttir, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits. Standandi frá vinstri eru Guðrún Þorleifsdóttir, skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Andri Fannar Bergþórsson, lektor í Háskólanum í Reykjavík, Ásta Þórarinsdóttir hagfræðingur og Guðrún Finnborg Þórðardóttir, ritari nefndarinnar. Seðlabankastjóri tekur sæti í fjármálaeftirlitsnefnd sem formaður nefndarinnar þegar ákvarðanir um setningu starfsreglna nefndarinnar eru teknar, ákvarðanir um framsal valds til varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits, sem og ákvarðanir sem varða eigið fé, laust fé og fjármögnun kerfislega mikilvægra fjármálaafyrirtækja og er varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits þá staðgengill formanns. Í tilvikum annarra ákvarðana nefndarinnar er varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits formaður hennar og varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika staðgengill hans.



# Önnur viðfangsefni



## Gjaldeyrisforði

### Hlutverk gjaldeyrisforða


Seðlabanki Íslands varðveitir gjaldeyrisforða og stýrir honum í samræmi við markmið og hlutverk bankans, samanber lög nr. 92/2019. Í gjaldeyrisforða eru erlendar eignir Seðlabankans í erlendum gjaldmiðlum, þ.e. innstæður í erlendum bönkum, skuldabréf, sérstök dráttarréttindi og inneign hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, gull og aðrar erlendar eignir.

Hlutverk gjaldeyrisforða er fjórþætt: Í fyrsta lagi að draga úr áhrifum sveiflna í greiðslujöfnuði landsins. Í öðru lagi að minnka líkur á að fjármagnshreyfingar til og frá landinu raski fjármálastöðugleika. Í þriðja lagi er forðinn þáttur í eigna- og skuldastýringu ríkissjóðs og Seðlabankans með það að markmiði að íslenska ríkið geti staðið skil á erlendum skuldum sínum, greitt erlend útgjöld og staðið við aðrar alþjóðlegar skuldbindingar. Í fjórða lagi er gjaldeyrisforði öryggissjóður sem hægt er að grípa til vegna áfalla.

Æskileg stærð gjaldeyrisforða ræðst hverju sinni meðal annars af erlendri skuldastöðu þjóðarbúsins, stefnu í peningamálum, uppbyggingu og stöðu fjármálakerfis, umfangi utanríkisviðskipta og fjármagnsflæði til og frá landinu.

### Þróun gjaldeyrisforða 2021

Í árslok 2021 nam gjaldeyrisforðinn um 923 ma.kr., jafnvirði 7,1 ma. bandaríkjadala, og stækkaði um 106 ma.kr. á árinu. Það sem helst skýrir stækkingu forðans er útgáfa ríkisins á skuldabréfi á alþjóðlegum markaði í febrúar að fjárhæð 750 milljónir evra og sérstök dráttarréttindi (SDR) sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn úthlutaði í ágúst að jafnvirði 55 ma.kr. Á móti voru nettóinngríp á gjald-



eyrismarkaði að jafnvirði um 23 ma.kr. (hrein gjaldeyris-sala) og afborganir af erlendum lánum ríkissjóðs voru um 2 ma.kr. Í árslok nam gjaldeyrisforði um 29% af vergri landsframléiðslu ársins 2021, 39% af peningamagni og sparifé (M3) og samsvaraði innflutningi vöru og þjónustu í 9 mánuði.

### Afkoma og ávöxtun

Afkoma bankans af rekstri gjaldeyrisforða var neikvæð um 28 ma.kr. á árinu 2021 sem skýrist að mestu af styrkingu krónunnar, en bókfærður gengismunur var neikvæður um 19 ma.kr. Hreinar vaxtatekjur af gjaldeyrisforða voru jákvæðar um 2 ma.kr. en bókfærðar breytingar á markaðsverði verðbréfa minnkuðu forðann um 10 ma.kr. Á árinu var ávöxtun á skuldabréfum og innstæðum neikvæð um 1% án áhrifa gengismunar.


### Varðveisla

Starfsreglur um varðveislu gjaldeyrisforða eru settar með vísan til 3. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 30. gr. laga nr. 92/2019. Reglurnar eru settar af seðlabankastjóra og varaseðlabankastjórum. Í starfsreglunum er fjallað um helstu atriði varðandi varðveislu gjaldeyrisforða, m.a. um tilgang, skipulag, hvaða fjárfestingar eru heimilar og ytri mörk ásættanlegrar áhættu.

Varðveisla gjaldeyrisforðans felur í sér að Seðlabankinn tekur áhættu sem þarf að stýra. Megináhættan snýr að því að bankinn verði ófær um að beita forðanum til að ná markmiðum sínum eða sinna hlutverki sínu sem seðlabanki. Gjaldveisla er hins vegar sú áhætta sem hefur mest áhrif á efnahag bankans. Forðinn er í erlendum gjaldmiðlum en skuldir bankans að mestu í íslenskum krónum. Því hafa gengisbreytingar mikil áhrif á tekjur og gjöld bankans og virði eigna og skulda reiknað í krónum. Krónuvirðið er hins vegar aukaatriði í sam-anburði við ofangreinda megináhættu og með hliðsjón af hlutverki forðans.

Erlend verðbréf námu um 70% af gjaldeyrisforðanum í árslok 2021. Innlán námu um 18% forðans en þau voru að langmestu leyti í seðlabönkum. Gulleign bankans var óbreytt að magni til á milli ára og var virði hennar 15,2 ma.kr. eða um 1,6% af forða í árslok. Gjaldveisluforðinn bankans, þ.e. eignir bankans í erlendum gjaldeyri að frádregnum skuldum í erlendum gjaldeyri, var jákvæður um 529 ma.kr. í lok árs 2021. Það samsvarar 4,1 ma. bandaríkjadala.

Lánshæfiseinkunn útgefenda þarf að vera að lágmarki AA til að verðbréfaútgáfur geti fallið í flokk mjög seljanlegra eigna. Við stýringu gjaldeyrisforða teljast mjög seljanlegar eignir vera ríkisskuldabréf í bandaríkjadöllum eða evrum sem gefin eru út í eigin gjaldmiðli



ríkissins, innstæður hjá seðlabönkum þessara landa eða Alþjóðagreiðslubankanum. Slíkar eignir voru 59% af gjaldeyrisforðanum í lok árs 2021.

Á mynd V-2 má sjá skiptingu gjaldeyrisforðans í lok árs 2021 eftir löndum og gjaldmiðlum. Nánar er fjallað um stýringu fjárhagslegrar áhættu bankans í skýringum með samstæðureikningi.

## Lánamál ríkissjóðs

### Samningur um lánamál ríkissjóðs

Seðlabanki Íslands sér samkvæmt samningi við fjármála- og efnahagsráðuneytið um erlendar lántökur ríkissjóðs ásamt framkvæmd innlendra útboða, uppkaup og innlausn ríkisverðbréfa, gerð aðalmiðlarasamninga og hefur umsjón með verðbréfalánnum til aðalmiðlara. Bankinn annast áhættu- og lánsfjárstýringu og sinnir upplýsingagjöf um lánamál ríkissjóðs. Í samningnum er kveðið svo á að bankinn annist útgáfu markaðsverðbréfa ríkissjóðs

og verkefni tengd ríkisábyrgðum og endurlánum. Þá sér bankinn um útgáfu skuldabréfa vegna endurlána ríkissjóðs.

### Innlend lánamál

Í ársáætlun Lánamála ríkissjóðs fyrir árið 2021 var gert ráð fyrir að útgáfa ríkisbréfa myndi nema 200 ma.kr. Samkvæmt fjármálaáætlun stjórnvalda fyrir árin 2022-2026, sem birt var á fyrsta ársfjórðungi, varð ljóst að staða ríkissjóðs var betri en gert hafði verið ráð fyrir við gerð fyrri áætlunar. Í ljósi þess var ákveðið að lækka útgáfuáætlun ríkisbréfa á árinu úr 200 ma.kr. í 180 ma.kr. að söluvirði. Í lok árs nam útgáfa ríkissjóðs 152,1 ma.kr. að nafnvirði eða 179,7 ma.kr. að söluvirði.

Á árinu var ríkisbréfaflokkurinn RIKB 21 0805 á gjalddaga og nam útistandandi fjárhæð 47 ma.kr. Útgáfa á nýjum tveggja ára ríkisbréfaflokki, RIKB 24 0415, var flýtt um eitt ár til að mæta aukinni fjárbörf ríkissjóðs og voru viðtökur við flokknum góðar á árinu en útistandandi fjárhæð hans nam 44 ma.kr. að söluvirði í lok árs.


Óvissan um hve mikil neikvæð áhrif heimsfaraldur vegna COVID-19-veirunnar myndi hafa á innlenda hagkerfið minnkaði til muna á fyrsta ársfjórðungi við birtingu fjármálaáætlunar stjórnvalda fyrir árin 2022-2026, en þar kom fram að staða ríkissjóðs væri betri en áður var talið. Einnig minnkaði óvissan við það að hafist var handa snemma árs að bólusetja þjóðina sem og aðrar þjóðir og jukust með því væntingar um að ferðamannaíðnaður myndi taka við sér hér á landi er liði á árið. Aukinnar bjartsýni gætti því hjá markaðsaðilum enda virtust bólusetningar skila tilætluðum árangri auk þess sem ákveðið var að leyfa ferðamönnum utan Schengensvæðisins að koma til landsins. Áframhaldandi framboðstruflanir, aukinn flutningskostnaður, hækkandi orku- og hrávöruverð sem og hækkandi húsnæðisverð vógu þó á móti þeirri bjartsýni með aukinni verðbólgu. Verðbólga reyndist þrálát á árinu og endaði ársverðbólga í lok árs í 5,1%, samanborið við 4,3% í upphafi árs.

### Erlend lánamál

Samkvæmt Stefnu í lánamálum ríkisins 2021-2025 eru lán ríkissjóðs í erlendum gjaldmiðlum fyrst og fremst tekin til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabankans, til að endurfjármagna útistandandi markaðsútgáfur og til að viðhalda aðgengi að erlendum mörkuðum.


Á árinu 2021 gaf ríkissjóður út nýtt skuldabréf í evrum að fjárhæð 750 milljónir evra. Skuldabréfið ber 0% fasta vexti og var gefið út til 7 ára á ávöxtunarkröf- unni 0,1177%.

Mynd V-5  
Skipting lánasafns ríkissjóðs  
31. desember 2021




Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd V-6  
Óverðtryggt ríkisbréf styttri en 5 ár



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd V-7  
Óverðtryggt ríkisbréf lengri en 5 ár



Heimild: Seðlabanki Íslands.

## Ríkisábyrgðir

Seðlabanki Íslands sinnir verkefnum í tengslum við ríkisábyrgðir og Ríkisábyrgðasjóð. Ríkisábyrgðasjóður hefur umsjón með veittum ríkisábyrgðum og skal einnig fylgjast með rekstri þeirra sem fengið hafa ríkisábyrgð og halda skrá yfir skuldbindingar með slíkri ábyrgð. Stærstur hluti ríkisábyrgða er vegna eignaraðildar ríkissjóðs að ÍL-sjóði. Aðilum sem njóta ríkisábyrgðar vegna eignaraðildar ríkissjóðs er skylt að fá samþykki Seðlabanka Íslands á lánskjörum og skilmálum lána sem þeir hyggjast taka erlendis. Ríkisábyrgðir í árslok 2021 námu 845 ma.kr. en voru 897 ma.kr. í árslok 2020.

## Alþjóðleg samskipti

Seðlabanki Íslands á fagleg og fjárhagsleg samskipti við alþjóðlegar stofnanir á starfssviði sínu. Vegna COVID-19-heimsfaraldursins voru fundir með öllum helstu erlendu samstarfsaðilum Seðlabankans haldnir í gegnum fjarfundabúnað á árinu.

## Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

Seðlabanki Íslands fer með formleg tengsl við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn fyrir Íslands hönd. Sendinefnd frá sjóðnum átti árlegar viðræður við íslensk stjórnvöld í maí um stöðu og horfur í þjóðarbúskapnum og um viðbrögð við COVID-19-faraldrinum. Árleg skýrsla sjóðsins um Ísland var rædd í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og gefin út í júní. Allar skýrslur sjóðsins um Ísland eru birtar á heimasíðum hans og Seðlabankans.


Ísland starfar með Norður- og Eystrasaltslöndunum á vettvangi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og myndar kjördæmi með þeim. Löndin eiga einn af 24 fastafulltrúum í framkvæmdastjórn sjóðsins. Fulltrúi kjördæmisins í framkvæmdastjórninni árið 2021 var Mika Pösö frá Finnlandi. Skrifstofa kjördæmisins í sjóðnum tekur árlega saman greinargerð um þau mál sem hæst ber í starfi sjóðsins og framkvæmdastjórnarinnar á árinu og afstöðu kjördæmisins til þeirra. Greinargerðirnar eru birtar m.a. á heimasíðu Seðlabankans.

Fjárhagsnefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (International Monetary and Financial Committee) hélt að venju tvo fundi á árinu. Seðlabankastjóri er fulltrúi Íslands í sjóðráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (Board of Governors) sem kemur saman á ársfundi sjóðsins. Á árinu voru einungis haldnir fjarfundir.

## Alþjóðagreiðslubankinn


Seðlabanki Íslands er hluthafi í Alþjóðagreiðslubankanum í Basel í Sviss (Bank for International Settlements - BIS) og tekur þátt í ýmsu samstarfi á vettvangi hans. Seðla-

Mynd V-8  
Verðtryggð ríkisbréf




Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd V-9  
Endurgreiðsluferill lána ríkissjóðs



Heimild: Seðlabanki Íslands.


Mynd V-10  
Þróun skulda ríkissjóðs



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd V-11

Skuldir ríkissjóðs og ríkisábyrgðir 2008-2021



Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

bankastjóri tók á árinu þátt í reglulegum fundum seðlabankastjóra sem haldnir eru annan hvern mánuð á vegum BIS auk ársfundar bankans. Þetta voru allt fjárfundir.

Á árinu 2021 stofnaði Alþjóðagreiðslubankinn nýsköpunarmiðstöð í Stokkhólmi í samstarfi við seðlabanka Íslands, Svíþjóðar, Noregs og Danmerkur (BIS Innovation Hub Nordic Centre). Miðstöðin er í Stokkhólmi og mun Seðlabankinn leggja henni til starfsmann. Norræna miðstöðin hefur það hlutverk að vera vettvangur fyrir nýsköpun í fjártækni, rannsóknir á straumum og stefnum í fjártækni sem hafa þýðingu fyrir starfsemi seðlabanka auk þess að efla alþjóðlegt samstarf sem miðar að því að bæta virkni alþjóðlega fjármálakerfisins.

### Efnahags- og framfarastofnunin

Seðlabanki Íslands tekur þátt í starfi á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Sérfræðingar OECD koma auk þess reglulega til Íslands til að kynna sér framvindu efnahagsmála og gefa út skýrslu um Ísland á tveggja ára fresti, síðast í júlí 2021.

### Network for Greening the Financial System

Seðlabanki Íslands er aðili að samtökunum Network for Greening the Financial System (NGFS) og tekur virkan þátt í starfsemi þeirra. Þetta eru samtök seðlabanka og fjármálaeftirlita víðs vegar um heim sem hafa lýst vilja sínum og ásetningi um að starfa saman að því að stuðla að og þróa bestu framkvæmd áhættustýringar í fjármála-geiranum í tengslum við loftslags- og umhverfismál og stuðla að sjálfbærri og umhverfisvænni fjárfestingu.

### Samstarf í tengslum við fjármálaeftirlit

Seðlabanki Íslands er þátttakandi í starfi evrópsku eftirlitsstofnananna á fjármálamarkaði, svo sem Evrópsku banka-

eftirlitsstofnunarinnar (EBA), Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar (EIOPA) og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (ESMA). Seðlabankinn hefur þar sömu réttindi og skyldur og eftirlitsstjórnvöld ríkja Evrópusambandsins að undanskildum atkvæðisrétti. Þátttaka í eftirlitsstjórn (e. Board of Supervisors), fastanefndum og vinnuhópum evrópsku eftirlitsstofnananna gerir bankanum kleift að fylgjast vel með breytingum á Evrópulöggjöf á fjármálamarkaði og taka þátt í þróun hennar. Með þátttöku sinni leggur Seðlabankinn einnig sitt af mörkum til að tryggja samræmda framkvæmd Evrópulöggjafar á fjármálamarkaði á EES-svæðinu. Þá byggir þátttakan undir innleiðingu nýrrar Evrópulöggjafar hér á landi, auðveldar hana og stuðlar að skilvirkri eftirlitsframkvæmd að innleiðingu lokinni.

Virki þátttaka var í alþjóðasamstarfi í tengslum við aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, m.a. í nefndum á vegum EBA og í vinnuhópi fjármálaeftirlita Norðurlanda og Eystrasaltsríkja.

Seðlabankinn tekur einnig þátt í starfi norræns samstarfshóps eftirlitsstjórnvalda sem starfræktur er til að samræma eftirlit með Nasdaq-kauphöllum á Norðurlöndunum. Helsta hlutverk hópsins, auk þess að gera sértækar athuganir, er að meta og hafa eftirlit með helstu áhættuþáttum í rekstri kauphallanna.

### Samstarf í tengslum við fjármálastöðugleika

Seðlabankinn tekur þátt í starfi Evrópska kerfisáhætturáðsins (ESRB) og undirhópa þess og hefur þannig aðgang að sam-evrópskum greiningum á kerfisáhættu. Seðlabankastjóri sækir fundi kerfisáhætturáðsins sem áheyrnarfulltrúi.

Enn fremur tekur Seðlabankinn þátt í samstarfi um fjármálastöðugleika á vegum Fjármálastöðugleikaráðsins (Financial Stability Board, FSB) sem er helsti samræmingarvettvangur á sviði fjármálastöðugleika í heiminum.

Seðlabankinn tekur jafnframt virkan þátt í samstarfi með Norður- og Eystrasaltslöndunum, m.a. á sviði kerfisáhættu þar sem skipst er á upplýsingum um þróun kerfisáhættu og beitingu þjóðhagsvarúðartækja (Nordic Baltic Macroprudential Forum). Þá tekur Seðlabankinn í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið þátt í starfi Nordic Baltic Stability Group sem hefur það hlutverk að samhæfa viðbrögð við fjármálaáfalli sem snertir fleiri en eitt ríki og vinna að upplýsingagjöf milli stofnana ríkjanna á sviði fjármálastöðugleika.

Líkt og fyrri ár tók Seðlabankinn virkan þátt í alþjóðlegri samvinnu um þróun greiðslumiðlunar, s.s. um millibankakerfi, rafrænt reiðufé og netöryggismál.

## Reiðufé

Í árslok 2021 var útgefið reiðufé Seðlabanka Íslands 82,0 ma.kr. Þar af voru útgefnir seðlar 77,6 ma.kr. og útgefin mynt 4,4 ma.kr. Útgefið reiðufé Seðlabankans er hluti af skuldahlið efnahagsreiknings bankans. Í töflu 3 í töfluviðauka má sjá hvernig þessi stærð skiptist eftir seðla- og myntstærðum.

Yfirleitt er átt við reiðufé utan Seðlabanka og innlánsstofnana þegar talað er um reiðufé í umferð. Munurinn á þeirri tölu og samtölu töflu 3 í töfluviðauka er svokallaður nætursjóður innlánsstofnana, sem samanstendur af því reiðufé sem er á eignahlið efnahagsreiknings innlánsstofnana í lok viðskiptadags. Í lok árs 2021 var nætursjóður innlánsstofnana 7,7 ma.kr. Því var reiðufé í umferð utan Seðlabanka og innlánsstofnana (há almennings, fyrirtækjum o.s.frv.) 74,3 ma.kr. og hafði aukist á árinu um 0,6 ma.kr. eða um 0,8%. Reiðufjárnotkun hefur minnkað á árunum 2021 og 2020 sem rekja má til faraldurs COVID-19 og sést á því að á árunum 2021 og 2020 var eytt mun minna af ónothæfum seðlum en að jafnaði hefur verið. Á árinu 2021 eyddi Seðlabankinn 1,9 milljónum seðla sem töldust ónothæfir, en á árinu 2020 var eytt 2,9 milljónum seðla.

Í lok ársins 2021 voru 15,7 milljónir seðla í umferð á Íslandi.

## Menningarstyrkur tengdur nafni Jóhannesar Nordals

Úthlutun menningarstyrks sem tengdur er nafni Jóhannesar Nordals, fyrrverandi seðlabankastjóra, fór fram 10. júní 2021 og var það í tíunda sinn sem styrkurinn var veittur. Umsóknir um styrkinn voru 29 en hann rann til þriggja verkefna að þessu sinni.

Skáldaskinna ehf. hlaut 1,6 milljóna króna styrk fyrir verkefnið skáld.is. Vefurinn skáld.is er tileinkaður konum og skrifum þeirra. Tilgangurinn er að safna saman upplýsingum um íslenskar kvennabókmenntir á einn stað og halda þar utan um ævi og verk íslenskra skáldkvenna og rithöfunda.

Ásta Soffía Þorgeirsdóttir hlaut 1,4 milljóna króna styrk fyrir verkefnið Blómaskeið íslenska tangósins á 20. öldinni. Verkefnið felst í að skrasetja einstakt blómaskeið í tónsmíðum á Íslandi þar sem viðfangsefnið voru tangóar, en skeiðið hófst á árunum eftir seinni heimsstyrjöld og varði fram á seinni hluta 20. aldar.

Prentsögusetur hlaut eina milljón króna styrk fyrir verkefnið *Þróun bókagerðar á Íslandi 1535-1877*. Verkefnið felst í sýningu á tækjum til bókagerðar; setningu, prentun og bókbandi. Sýnd verða lítil tæki á

sýningarstað, en á myndum, teikningum og hreyfimyndum verður gerð grein fyrir þróuninni. Skálholtsstaður og Prentsögusetur vinna sameiginlega að þessu verkefni.



# Stjórn, skipulag og mannauður



## Stjórn bankans

Ásgeir Jónsson gegndi embætti seðlabankastjóra á árinu 2021, en hann var skipaður til fimm ára frá og með 20. ágúst 2019. Seðlabankastjóri stýrir og ber ábyrgð á starfsemi og rekstri Seðlabanka Íslands og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum bankans sem ekki eru falin öðrum með lögum.

Rannveig Sigurðardóttir var varaseðlabankastjóri peningastefnu á árinu, Unnur Gunnarsdóttir var varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits og Gunnar Jakobsson varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika. Varaseðlabankastjórar leiða málefni bankans á því sviði sem þeir eru skipaðir til að leiða undir yfirstjórn seðlabankastjóra.

Seðlabankastjóri og varaseðlabankastjórar taka ákvarðanir um varðveislu gjaldeyrisforða og veitingu ábyrgða eða lána til lánastofnana í lausafjávanda á fundi sem seðlabankastjóri boðar til, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019. Á sama hátt eru teknar ákvarðanir um setningu reglna um bindingu reiðufjár vegna nýs innstremmis erlends gjaldeyris á grundvelli laga um gjaldeyrisráð, ákvarðanir um setningu reglna um starfsemi skipulegra gjaldeyrismarkaða og um skipulag og setningu reglna um starfsemi bankans.

## Bankaráð

Bankaráð hefur eftirlit með því að Seðlabanki Íslands starfi í samræmi við lög sem um starfsemina gilda. Að öðru leyti sinnir bankaráð sérstaklega verkefnum sem nánar eru tilgreind í 8. grein laga um bankann. Kjósa skal í ráðið eftir kosningar til Alþingis.

Á árinu 2021 var bankaráð þannig skipað að formaður var Gylfi Magnússon. Aðrir aðalfulltrúar voru Þórunn

Guðmundsdóttir varaformaður, Bolli Héðinsson, Una María Óskarsdóttir, Sigurður Kári Kristjánsson, Jacqueline Clare Mallett og Frosti Sigurjónsson. Varafulltrúar voru Þórlundur Kjartansson, Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir, Hildur Traustadóttir, Valgerður Sveinsdóttir, Kristín Thoroddsen, Ólafur Margeirsson og Bára Ármannsdóttir. Bankaráð hélt tólf fundi á árinu.

## Nefndir bankans

Peningastefnunefnd Seðlabankans tekur ákvarðanir um beitingu stjórnþækja bankans í peningamálum og skulu þær grundvallast á markmiði um stöðugt verðlag og byggjast á vönduðu mati á ástandi og horfum í efnahagsmálum. Nefndin tekur ákvarðanir um vexti til að framfylgja peningastefnu bankans. Einnig tekur nefndin ákvarðanir um viðskipti við lánastofnanir önnur en lán til þrautavara. Þá tekur nefndin ákvarðanir um bindiskyldu, viðskipti á gjaldeyrismarkaði og viðskipti með verðbréf sem ætlað er að stuðla að því að markmiðum bankans um stöðugt verðlag verði náð.

Peningastefnunefnd var á árinu skipuð Ásgeiri Jónssyni seðlabankastjóra, sem er formaður nefndarinnar, Rannveigu Sigurðardóttur, varaseðlabankastjóra peningastefnu og staðgengli formanns, Gunnari Jakobssyni, varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika, Gylfa Zoëga, prófessor við Háskóla Íslands, og Katrínu Ólafsdóttur, dósent við Háskólann í Reykjavík.

Fjármálastöðugleikanefnd Seðlabankans tekur ákvarðanir um beitingu stjórnþækja Seðlabankans varðandi fjármálastöðugleika. Ákvarðanir fjármálastöðugleikanefndar skulu grundvallast á lögum og byggjast á vönduðu mati á ástandi og horfum í fjármálakerfinu. Verkefni nefndarinnar eru að (a) leggja mat á ástand

og horfur í fjármálakerfinu, kerfisáhættu og fjármála-stöðugleika, (b) fjalla um og skilgreina þær aðgerðir sem taldar eru nauðsynlegar á hverjum tíma til að hafa áhrif á fjármálakerfið í þeim tilgangi að efla og varðveita fjármálastöðugleika og beina í því skyni ábendingum til viðeigandi stjórnvalda þegar tilefni er til, (c) samþykkja stjórnvaldsfyrirmæli og taka þær ákvarðanir sem nefndinni er falið að taka með lögum og (d) ákveða hvaða eftirlitsskyldir aðilar, innviðir og markaðir skuli teljast kerfislega mikilvægir og þess eðlis að starfsemi þeirra geti haft áhrif á fjármálastöðugleika.

Fjármálastöðugleikanefnd var á árinu skipuð Ásgeiri Jónssyni seðlabankastjóra, sem er formaður nefndarinnar, Gunnari Jakobssyni, varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika og staðgengli formanns, Rannveigu Sigurðardóttur, varaseðlabankastjóra peningastefnu, Unni Gunnarsdóttur, varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits, Axel Hall, lektor við Háskólann í Reykjavík, Bryndísi Ásbjarnardóttur, hagfræðingi hjá Hagstofu Íslands, og Guðmundi Kristjáni Tómassyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra fjármálainnviða hjá Seðlabanka Íslands. Þá á ráðuneytisstjóri, eða tilnefndur embættismaður ráðuneytis sem fer með málefni fjármálastöðugleika, nú fjármála- og efnahagsráðuneyti, sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Fjármálaeftirlitsnefnd tekur ákvarðanir sem faldar eru fjármálaeftirliti samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. Þá getur nefndin framselt vald sitt til varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits til töku ákvarðana sem ekki teljast meiri háttar.

Fjármálaeftirlitsnefnd var á árinu skipuð Ásgeiri Jónssyni seðlabankastjóra, Unni Gunnarsdóttur, varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits, Gunnari Jakobssyni, varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika, Andra Fannari Bergþórssyni, lektor við Háskólann í Reykjavík, Ástu Þórarinsdóttur hagfræðingi og Guðrúnu Þorleifsdóttur, skrifstofustjóra í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri tekur sæti í fjármálaeftirlitsnefnd sem formaður nefndarinnar þegar ákvarðanir, sem eru nánar tilteknaðar í 2. mgr. 15. gr. laga um Seðlabanka Íslands, eru teknar. Þá er Unnur Gunnarsdóttir, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits, staðgengill formanns. Í öðrum tilvikum er Unnur formaður og Gunnar Jakobsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika, staðgengill formanns.

## Skipulag

Samkvæmt skipuriti bankans eru kjarnasvið bankans sjö, þ.e. hagfræði og peningastefna, markaðsviðskipti, fjármálastöðugleiki, bankar, lífeyrir og váttryggingar, mark-

aðir og viðskiptahættir, og lagalegt eftirlit og vettvangsathuganir. Stoðsvið bankans eru fjögur, þ.e. rekstur, upplýsingatækni og gagnasöfnun, fjárhagur og mannauður. Jafnframt er í skipuritinu miðlæg skrifstofa bankastjóra. Framkvæmdastjórar stýra hverju sviði fyrir sig.

Bankaráð hefur umsjón með innri endurskoðun í bankanum og ræður innri endurskoðanda, sbr. d-lið 8. gr. laganna um bankann.

## Verkefni sviða

Skrifstofa bankastjóra hefur yfirsýn yfir málefni og starfsemi bankans og mótar og framfylgir stefnumótun hans í samstarfi við önnur svið bankans. Hún annast ráðgjöf og þjónustu við bankastjóra og varaseðlabankastjóra, bankaráð, nefndir og svið bankans. Verkefni skrifstofunnar eru m.a. lögfræðileg ráðgjöf, vinna við reglusetningu, fylgni við lög og reglur, samskipti við ráðuneyti, Alþingi og aðrar innlendar stofnanir, eftirfylgni og afgreiðsla erinda sem bankanum berast, umsjón með kynningarstarfsemi og upplýsingamiðlun bankans, auk ritstjórnar og umsjónar með ársskýrslu, heimasíðu og samfélagsmiðlum bankans. Innan skrifstofunnar starfar áhættustýringardeild undir stjórn áhættustjóra, en þar fer fram eftirlit með eigin áhættu bankans. Öryggisstjóri Seðlabankans er starfsmaður áhættustýringar. Skrifstofan sinnir einnig alþjóðlegu samstarfi, svo sem við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Skrifstofan hefur umsjón með útgáfu Kalkofnsins, vefrits með höfundarmerktum greinum starfsfólks bankans.

Hagfræði og peningastefna annast rannsóknir á sviði efnahags- og peningamála, gerir verðbólgu- og þjóðhagsspár, tekur þátt í mótun stefnu í gengis- og peningamálum, greinir þróun í efnahags- og peningamálum bæði innanlands og erlendis, þ.m.t. þjóðhagslega þætti fjármálastöðugleika, og hefur umsjón með útgáfu ýmissa rita bankans, þ.e. *Peningamála*, *Hagvísu* og *Working Papers*. Sviðið hefur einnig umsjón með ýmsum verkefnum í tengslum við störf peningastefnufundar bankans.

Markaðsviðskipti hafa umsjón með innlendum peninga- og gjaldeyrismarkaði og annast viðskipti við innlendar fjármálastofnanir. Sviðið sér um stýringu á efnahagsreikningi bankans, vörslu og ávöxtun gjaldreyrisforða ásamt umsjón með lánamálum ríkissjóðs, Ríkisábyrgðasjóði og endurlánnum ríkissjóðs. Sviðið sér einnig um þau samskipti við erlendar fjármálastofnanir sem snúa að viðskiptum Seðlabankans og ríkissjóðs. Sviðið sinnir utanumhaldi verðbréfa og greiðslum vegna verðbréfavíðskipta og greiðslum tengdum lántökum og skiptasamningum. Þá annast sviðið rekstur millibankagreiðslukerfis og erlenda greiðslumiðlun með SWIFT-kerfi

bankans og hefur umsjón með innlendum og erlendum greiðslum fyrir bankann, ríkissjóð og ríkisfyrirtæki.

Fjármálastöðugleiki annast greiningu á áhættu í fjármálakerfinu, eftirlit með lausu fé og gjaldeyrisjöfnuði lánastofnana og tekur þátt í mótun varúðarreglna fyrir fjármálakerfið. Þá annast sviðið eftirlit með lögum um gjaldeyrisfélög, og annaðist eftirlit með lögum um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum þar til þau voru felld úr gildi á árinu. Sviðið fylgist með stöðu lánastofnana, heimila og fyrirtækja, gjaldeyrisflæði til og frá landinu og ytri stöðu þjóðarþúsins. Þá vakir sviðið yfir kerfislega mikilvægum fjármálainnvíðum. Þá er skrifstofa skilavalds staðsett á sviðinu. Sviðið hefur umsjón með útgáfu bankans á ritinu *Fjármálastöðugleiki*. Sviðið hefur einnig umsjón með ýmsum verkefnum í tengslum við störf fjármálastöðugleikaneftndar bankans.

Starfsemi bankasviðs felst í eftirliti með viðskiptabönkum, sparissjóðum, lánaþjónustum, verðbréfafyrirtækjum, rafeyrisfyrirtækjum, og greiðslustofnunum. Meginverkefni sviðsins eru könnunar- og matsferli, svo sem mat á eiginfjár- og lausafjárþörf, yfirferð á endurbótaáætlunum, greining og mat á áhættuþáttum í rekstri eftirlitsskyldra aðila, samskipti við stjórnir og helstu stjórnendur og ytri endurskoðendur. Bankasvið tekur einnig þátt í mati á kerfisáhættu ásamt fjármálastöðugleikasviði.

Svið lífeyris og váttrygginga hefur eftirlit með váttryggingastarfsemi, lífeyrisjóðum og vörsluáðilum séreignarsparnaðar. Annars vegar er um að ræða reglulegt eftirlit í samræmi við grunneftirlitslíkan þar sem skilgreint er með hvaða tíðni helstu áhættuþættir í rekstri félaganna eru teknir til athugunar. Hins vegar er um að ræða sértækar athuganir eftir aðstæðum hverju sinni. Greindir eru helstu áhættuþættir og þróun á markaði og fylgst náið með að starfsleyfisskilyrði séu uppfyllt, að starfshættir séu í samræmi við réttarreglur og að gripið sé til viðeigandi ráðstafana hverju sinni. Farið er t.d. yfir eigið áhættu- og gjaldþolsmat váttryggingafélaganna og eigið áhættumat lífeyrisjóða og viðtöl tekin við lykilstarfsmenn.

Svið markaða og viðskiptahátta hefur eftirlit með aðilum á verðbréfamarkaði, s.s. útgefendum fjármála- gernainga, kauphöllum, verðbréfamíðstöðvum, rekstrarfélögum sjóða, verðbréfasjóðum og sérhæfðum sjóðum. Starf sviðsins felst einnig í eftirliti með viðskiptum og hegðun á verðbréfamarkaði (markaðsmisnotkun og innherjasvikum) en við slíkt eftirlit er meðal annars notast við verðbréfaeftirlitskerfi sem nýtist í þeim tilgangi að greina viðskipti með sjálfvirkum hætti út frá þeim gögnum sem fjármálaþjónustan senda eftirlitinu. Þá hefur sviðið eftirlit með neytendamálum, fjárfestavernd og viðskipta-

háttum eftirlitsskyldra aðila á fjármálamarkaði. Í eftirliti með viðskiptaháttum og fjárfestavernd felst m.a. að fylgjast með því að viðskiptavinum eftirlitsskyldra aðila séu seldar viðeigandi vörur og þjónusta, að upplýsingagjöf sé hvorki misvísandi né blekkjandi og að gripið sé til ráðstafana vegna mögulegra hagsmunaaðrestra.

Svið lagalegs eftirlits og vettvangsathugana vinnur þvert á önnur svið bankans sem sinna fjármálaeftirliti. Sviðið annast m.a. mat á hæfi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna eftirlitsskyldra aðila, veitingu starfsleyfa og afturköllun þeirra, afgreiðir tilkynningar um virka eignarhluti og beiðnir um samþykki fyrir samruna. Þá gerir sviðið vettvangsathuganir en markmið þeirra er að greina með ítarlegum hætti tiltekna áhættu í starfsemi eftirlitsskyldra aðila, leggja mat á innra eftirlitskerfi, viðskiptalíkon eða stjórnarhætti þeirra. Auk þess annast sviðið eftirlit með aðgerðum tilkynningarskyldra aðila gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Rekstrarsvið sinnir verkefnum við innri rekstur og þjónustu Seðlabankans. Meðal þess er að annast rekstur og umsýslu eigna bankans og hafa yfirumsjón með breytingum á húsnæði, sjá um og bera ábyrgð á tilteknum öryggismálum bankans, annast innkaup fyrir bankann, fara með kostnaðar- og útgjaldaeftirlit, þ.m.t. gerð rekstraráætlana, annast matar- og veitingaþjónustu, tryggja kerfisbundna stjórnun skjala innan bankans í samræmi við lög um opinber skjalasöfn, innleiða stafrænt vinnuumhverfi og bera ábyrgð á söfnum bankans.

Fjárhagur hefur umsjón með fjárhagsupplýsingum bankans og félaga í eigu hans ásamt því að sjá um bókhald sjóðs Þjóðháttidargjafar Norðmanna og Grænlandssjóðs sem eru í vörslu bankans. Sviðið annast skráningu, úrvinnslu og miðlun upplýsinga í samræmi við settar reikningskilareglur og launavinnslu fyrir bankann. Þá annast sviðið umsýslu seðla og myntar og rekstur fjárhirslna.

Upplýsingatækni og gagnasöfnun hefur umsjón með og ber ábyrgð á þróun, uppbyggingu og rekstri upplýsingakerfa Seðlabankans. Þá annast sviðið öflun, skráningu og úrvinnslu tölfraðilegra gagna sem Seðlabankinn safnar vegna starfsemi sinnar og vegna opinberrar hagskýrslugerðar. Bankinn safnar skipulega upplýsingum um innlenda lánamarkað, greiðsluþöfnuð við útlönd og erlenda stöðu þjóðarþúsins. Upplýsingar þessar leggja grunn að mati bankans á mikilvægum þáttum peningamála og fjármálakerfis og reglulegri birtingu tölulegra gagna í ritum bankans og á vefsíðu hans. Seðlabankinn birtir tölulegar upplýsingar sínar í *Hagtölum Seðlabankans* á heimasíðu sinni.


Mannauður ber ábyrgð á stefnumótun í mannauðsmálum og því að styðja við mannauðsstefnu bankans

hverju sinni. Markmið mannauðs er að tryggja samræmda framkvæmd mannauðsmála og veita stjórnendum og starfsfólki markvissa ráðgjöf til að byggja upp vinnustað sem einkennist af trausti, fagmennsku, þekkingu og framsækni. Helstu verkefni mannauðs eru að halda utan um nýráðningar, starfslok, fræðslumál, starfsþróun, vinnustaðgreiningar og aðrar greiningar, endurgjafarsamtöl, launaákvæðanir, vellíðan starfsfólks og jafnréttismál.

Innri endurskoðandi starfar sem fyrr segir undir umsjón bankaráðs og er ábyrgur gagnvart því.

## Innra eftirlit og stjórnun áhættu

Starfsemi Seðlabanka Íslands fylgir margvísleg fjárhagsleg áhætta og rekstraráhætta; annars vegar áhætta sem gæti gert bankanum erfitt um vik eða jafnvel hindrað hann í að sinna hlutverki sínu með fullnægjandi hætti og ná lögboðnum markmiðum sínum og hins vegar áhætta sem steðjar að bankanum vegna þess að markmiðin ganga fyrir arðsemi og fjárhagslegum hagsmunum bankans sjálfs. Áhættustefna Seðlabankans miðar að því að skilgreina betur áhættu sem bankinn glímur við, auka skilning á henni, öðlast yfirsýn yfir hana og stýra henni eða lágmarka án þess að það bitni á getu bankans til þess að ná lögboðnum markmiðum sínum. Framkvæmdaraðilar, áhættustýringardeild og innri endurskoðun mynda þrjár varnarlínur innra eftirlits eins og sýnt er á mynd VI-1.



Seðlabankastjóri skipar fjárhagsáhætturáð og rekstraráhætturáð sem bera ábyrgð á umgjörð áhættustýringar og eru ráðgefandi fyrir seðlabankastjóra og aðstoða hann við að uppfylla eftirlitshlutverk sitt með virkni áhættustýringar.

Seðlabankastjóri ræður áhættustjóra sem veitir sjálfstæðri áhættustýringareiningu á skrifstofu banka-

stjóra forstöðu og ber ábyrgð á eftirliti með að Seðlabankinn starfi í samræmi við umgjörð áhættustýringar sem fjárhagsáhætturáð og rekstraráhætturáð setja. Áhættustýring tók til starfa árið 2021 í kjölfar ráðningar áhættustjóra.

Framkvæmdastjórar bera ábyrgð á og stýra áhættu sem felst í starfsemi eigin sviða.

Innri endurskoðun Seðlabankans, sem starfar í umboði bankaráðs, hefur með höndum kerfisbundið, óháð og hlutlægt mat á virkni áhættustýringar, innra eftirlits og stjórnarháttanna Seðlabankans. Innri endurskoðun starfar samkvæmt áhættumiðaðri endurskoðunaráætlun sem staðfest er af bankaráði og uppfærð reglulega.

Fjárhagsáhætta samanstendur af markaðs-, lausafjár- og kröfuáhættu. Helsta markaðsáhætta stafar af gjaldeyris- og vaxtaáhættu vegna endurmats verðbréfa í eigu bankans ásamt vaxtamisvægi á milli eigna og skulda. Breytingar á gengi og ávöxtunarkröfu á markaði hafa bein áhrif á eigið fé, auk þess sem samsetning vaxtaberandi eigna og skulda ásamt þróun tilheyra vaxta hafa áhrif á framtíðartekjur. Til að skilja áhættuna framkvæmir bankinn m.a. sviðsmyndagreiningar og álagspróf til þess að meta næmi eigna og skulda vegna ýmissa markaðsatburða. Fjárhagsáhætturáð hefur eftirlit með að áhætta á efnahagsreikningi Seðlabankans samræmist áhættuvilja bankans og veitir ráðgjöf um aðgerðir til mildunar á áhættu og hvernig auka megi viðnámsþrótt efnahagsreikningsins fyrir ákvörðunum sem tengjast lögboðnum markmiðum Seðlabankans. Þá yfirfer ráðið áherslur bankans gagnvart umhverfi, félagslegum þáttum og stjórnarháttum (UFS).

Rekstraráhætta - hætta á fjárhagslegu eða ófjárhagslegu tjóni sem stafar af ófullkomnum innri ferlum og kerfum, aðgerðum starfsfólks eða af völdum utanaðkomandi atvika - fylgir starfsemi Seðlabanka Íslands sem seðlabanka og rekstraraðila kerfislega mikilvægra fjármálainnið, þ.e.a.s. millibankagreiðslukerfisins. Rekstraráhætturáð hefur umsjón með stjórnkerfi fyrir rekstraráhættu og fylgist með því að til staðar sé skjalfest verklag fyrir mikilvægustu verkefni bankans, að framkvæmt sé áhættumat á helstu verkferlum og tölvukerfum og að gripið sé til skjótra úrbóta þegar frávik verða frá viðurkenndu verklagi.

## Mannauðsmál

Í lok árs 2021 voru starfsmenn Seðlabanka Íslands 294 í 291,9 stöðugildum. Í lok árs voru 143 konur og 151 karl í starfslíði bankans.

Framkvæmdastjórar bankans voru 13, þar af 6 konur og 7 karlar. Í hópi aðstoðarframkvæmdastjóra og forstöðumanna voru alls 26; 12 konur og 14 karlar.

Tafla VI-1 Fjöldi starfsmanna eftir sviðum

Svið	Fjöldi
Bankar	22
Bankastjórar	4
Fjárhagur	12
Fjármálastöðugleiki	28
Hagfræði og peningastefna	24
Innri endurskoðun	3
Lagalegt eftirlit og vettvangsathuganir	25
Lífeyrir og váttryggingar	13
Mannauður	7
Markaðir og viðskiptahættir	16
Markaðsviðskipti	32
Rekstur	35
Skrifstofa bankastjóra	27
Upplýsingatækni og gagnasöfnun	46
Samtals	294

Háskólamenntað starfsfólk var 89% af heildarfjölda starfsfólks í árslok. Á árinu voru 14 nýráðningar en 18 létu af störfum. Sumarstarfsmenn á árinu 2021 voru 13.

Hjá Greiðsluveitunni ehf., félagi í eigu Seðlabanka Íslands, voru 5 starfsmenn í lok ársins, 2 konur og 3 karlar.

Jafnlaunagreining sem gerð var á árinu leiddi í ljós að enginn óútskýrður launamunur var á milli kynjanna.

## Framkvæmdir og endurbætur

Unnið var áfram að því að sameina starfsemi bankans í húsnæði hans við Kalkofnsveg í Reykjavík í kjölfar sameiningar Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans á árinu 2020. Framkvæmdum var haldið áfram við viðhald og endurnýjun húsnæðis sem miðuðu m.a. að því að opna vinnurými til að nýta það betur undir starfseminna. Framkvæmdum var lokið á árinu á 2. og 3. hæð aðalbyggingar og þær komnar vel á veg á 4. og 5. hæð. Húsnæði við Katrínartún þar sem Fjármálaeftirlitið var til húsa hefur verið losað og bráðabirgðahúsnæði leigt á Kalkofnsvegi 2 á meðan unnið er að endurbótum á húsnæði bankans.

## COVID-19 setti áfram sitt mark á starfið

Annað árið í röð var stórum hópi starfsmanna gert að vinna utan vinnustaðar talsverðan hluta ársins. Starfsemin einkenndist áfram af fjarfundum í stað staðfunda allt eftir því hvernig þróun faraldursins var hverju sinni. Gestakoma var áfram óheimil hluta ársins og sýningar-salur á fyrstu hæð var lokaður hluta úr ári. Starfseminni á vinnustað var mestan hluta ársins skipt í sóttvarnarhólf

í samræmi við tilmæli sóttvarnaryfirvalda og þjónusta mötuneytis, þrif og ýmis þjónusta var í samræmi við viðmið á hverjum tíma.

## Yfirstjórn Seðlabanka Íslands 31. desember 2021

### Seðlabankastjóri

Ásgeir Jónsson

### Varaseðlabankastjórar

Gunnar Jakobsson

Rannveig Sigurðardóttir

Unnur Gunnarsdóttir

### Bankaráð

#### Aðalmenn

Gylfi Magnússon formaður

Pórunn Guðmundsdóttir varaformaður

Bolli Héðinsson

Una María Óskarsdóttir

Sigurður Kári Kristjánsson

Jacqueline Clare Mallett

Frosti Sigurjónsson

#### Varamenn

Pórlindur Kjartansson

Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir

Hildur Traustadóttir

Valgerður Sveinsdóttir

Kristín Thoroddsen

Ólafur Margeirsson

Bára Valdís Ármannsdóttir

#### Yfirmenn

*Skrifstofa bankastjóra:*

Rannveig Júníusdóttir framkvæmdastjóri

*Fjárhagur:*

Erla Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri

*Fjármálastöðugleiki:*

Haukur C. Benediktsson framkvæmdastjóri

*Hagfræði og peningastefna:*

Pórarinn G. Pétursson aðalhogfræðingur

*Mannauður:*

Íris Guðrún Ragnarsdóttir mannauðsstjóri

*Markaðsviðskipti:*

Sturla Pálsson framkvæmdastjóri

*Rekstur:*

Póra Helgadóttir framkvæmdastjóri

*Upplýsingatækni og gagnasöfnun:*

Logi Ragnarsson framkvæmdastjóri

Lagalegt eftirlit og vettvangsathuganir:

Björk Sigurgísladóttir framkvæmdastjóri

Lífeyrir og váttryggingar:

Rúnar Guðmundsson framkvæmdastjóri

Bankar:

Elmar Ásbjörnsson framkvæmdastjóri

Markaðir og viðskiptahættir:

Páll Friðriksson framkvæmdastjóri

Innri endurskoðandi:


Nanna Huld Aradóttir

## Félag í eigu Seðlabanka Íslands

Greiðsluveitan ehf.:

Vigdís Ósk Helgadóttir framkvæmdastjóri

## Skipurit Seðlabanka Íslands





Seðlabanki Íslands stefnir að því að verða til fyrirmyndar á sviði sjálfbærni og loftslagsmála en mikilvæg skref voru tekin í þá átt á árinu. Sjálfbærni varðar ekki aðeins umhverfismál, heldur einnig velferð, heilsu, félagslegt réttlæti og stjórnarhætti sem stuðla að sjálfbærni. Jafnan er vísað til viðmiða um umhverfi, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS) í þessu sambandi. Undirstaða sjálfbærni er samfélag, umhverfi og efnahagslíf sem styður hvert við annað og leggur m.a. grunninn að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Sjálfbærni Seðlabanka Íslands felur í sér faglega stjórnarhætti og að tekið sé tillit til umhverfis- og félagslegra þátta í starfsemi og rekstri bankans. Hlutverk Seðlabanka Íslands er jafnframt að treysta efnahagslega velferð þjóðarinnar með því að stuðla að stöðugu verðlagi, fjármálastöðugleika og traustri og öruggri fjármála-starfsemi.

## Umhverfismál

Markmið umhverfis- og loftslagsstefnu Seðlabanka Íslands, sem staðfest var í maí 2021, er að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda í rekstri bankans og að bankinn leggi þannig sitt af mörkum til þess að Ísland geti staðið við loftslagsskuldbindingar sínar. Bankinn einsetur sér að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í starfsemi sinni um 40% frá árinu 2019 til ársins 2030. Í nóvember 2021 var gefin út aðgerðaáætlun sem lýtur að aðgerðum sem munu stuðla að því að markmiðum bankans verði náð. Dæmi um aðgerðir er að rafmagnsvæða bifreiðar bankans, nota vistvænar leigubifreiðar, fækka flugferðum og auka endurvinnslu. Umhverfis- og loftslagsstefnan og aðgerðaáætlunin verða endurskoðaðar árlega.

Vel hefur gengið að innleiða græn skref í ríkisrekstri í starfsemi bankans þótt heimsfaraldur vegna COVID-19

hafi verið nokkuð til trafala. Unnið er að því að innleiða sérstakt umhverfisstjórnunarkerfi innan bankans.

Í maí 2021 var blásið til fundaraðar um loftslagsmál þar sem starfsfólk flutti mánaðarlega erindi um ýmis verkefni sem tengjast loftslagsmálum og ábyrgðarsviðum Seðlabankans. Meðal annars var fjallað um vegferð bankans á sviði loftslagsmála og loftslagsmál í tengslum við fjármálaeftirlit, peningastefnu og fjármála-stöðugleika. Þá var í fyrsta tölublaði nýs vefrits bankans, Kalkofninum, sem hóf göngu sína í september 2021, birt grein um sviðsmyndagreiningu vegna loftslagsáhættu.

Seðlabanki Íslands færir grænt bókhald og heldur utan um innkaup sín og úrgang með tilliti til sjálfbærni-markmiða. Kolefnisspor bankans er reiknað út frá grænu bókhaldi og samgöngukönnun sem gerð er árlega hjá starfsfólki bankans. Sjálfbærniuppgjör bankans út frá viðmiðum um umhverfi, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS-viðmið) verður birt samhliða sjálfbærnisráslu bankans. Þar verður jafnframt ítarlegri umfjöllun um sjálfbærni-markmið og hvernig loftslagsmál verða tekin inn í kjarnastarfsemi og áhættugreiningar bankans.

## Samstarf um loftslagsmál og loftslagsáhættu

Seðlabankinn hafði frumkvæði að því á árinu að koma á reglubundnu samráði milli norrænu og baltnesku seðlabankanna um starf þeirra í tengslum við loftslagsmál og loftslagsáhættu og tók bankinn í fyrsta sinn þátt í málstofu norrænna seðlabanka um loftslagsáhættu og áhrif hennar á starfsemi seðlabanka. Þá fundaði Seðlabankinn á árinu með fjölmörgum innlendum hagaðilum á sviði loftslagsmála og loftslagsáhættu til að efla þekkingu starfsmanna bankans á loftslagsmálum og skapa vettvang fyrir samstarf á þessu sviði.

Á árinu hófst formleg þátttaka Seðlabankans í samtökunum Network for Greening the Financial System

(NGFS) en bankinn gerðist aðili að samtökunum í lok árs 2020. Seðlabankinn á fulltrúa í þremur vinnuhópum NGFS og tók m.a. þátt í ársfundi NGFS og útgáfu á leiðbeinandi tilmælum sem samtökin sendu frá sér. Innan bankans hefur verið stofnaður samráðshópur í tengslum við samstarf við NGFS til að fylgja eftir og taka fyrir mál sem tengjast samtökunum. Þá vann sérfræðingur bankans ásamt fulltrúum annarra aðila að NGFS að sérstakri skýrslu um sviðsmyndagreiningar vegna loftslagsáhættu út frá sjónarhóli fjármálaeftirlits og seðlabanka.

Í nóvember gaf Seðlabankinn út yfirlýsingu í loftslagsmálum í tengslum við loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Glasgow og voru þar settar fram skuldbindingar bankans í loftslagsmálum. Þar kom meðal annars fram markmið bankans um að minnka kolefnisspor sitt, að bankinn muni setja fram leiðbeiningar fyrir eftirlitsskylda aðila við að skilgreina, meta og vakta þá loftslagsáhættu sem fram kemur í efnahagsreikningi þeirra og að bankinn stefni að því að taka mið af loftslagsáhættu í álagsprófunum á fjármálakerfinu og fyrir-tækjum á fjármálamarkaði.

## Félagslegir þættir

### Jafnrétti

Seðlabankinn leitast við að stuðla að jafnrétti, jafnri meðferð og virðingu starfsfólks. Bankinn framfylgir jafnréttisstefnu í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020, og lög um jafna meðferð á vinnumarkaði, nr. 86/2018.

Jafnréttisstefna bankans var endurnýjuð í mars 2021. Í henni kemur m.a. fram að bankinn skuli auðvelda starfsfólki að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu, að starfsfólki skuli ekki mismunað við framgang og ráðningu í störf og að hvers kyns áreitni verði ekki liðin innan bankans. Ný jafnréttisnefnd var skipuð í bankanum er hefur yfirsýn yfir lög og reglur um jafnrétti og jafna meðferð starfsfólks. Nefndin vinnur að reglulegri endurnýjun jafnréttisáætlunar bankans, fylgist með framkvæmd hennar og kannar réttmæti ábendinga um jafnrétti og jafna meðferð starfsfólks.

Jafnlaunastefna Seðlabanka Íslands var samþykkt á árinu og samkvæmt henni er stefna bankans að allt starfsfólk njóti jafnra launa og sömu kjara og réttinda fyrir sömu eða jafn verðmæt störf þannig að enginn kynbundinn launamunur sé til staðar í bankanum.

Jafnlaunavottun bankans var endurnýjuð á haustmánuðum. Jafnlaunagreining leiddi í ljós að enginn óútskýrður launamunur var á milli kynjanna, annað árið í röð.

### Mannauður

Mannauður er lykillinn að góðum og sjálfbærum rekstri bankans. Mannauðsstefna Seðlabankans miðar að því að byggja upp trausta liðsheid, með áherslu á virðingu, andlega og líkamlega vellíðan, jafnrétti, þekkingu, fagmennsku og framsækni starfsfólks. Starfsumhverfi Seðlabankans byggist á sveigjanleika og trausti, styður við vellíðan starfsfólks, starfsánægju, aukið jafnvægi milli vinnu og einkalífs, jafnrétti og minni losun gróðurhúsa-lofttegunda.

Heilsumánuður var haldinn í október. Starfsfólk var hvatt til hreyfingar, boðið var upp á heilsufarsmælingar og heilsutengda fræðslu.

Þá fylgir bankinn sérstakri samgöngustefnu er stuðlar að því að starfsfólk noti vistvænan, hagkvæman og heilsusamlegan ferðamáta. Í lok árs 2021 voru í gildi 86 samgöngusamningar á milli starfsmanna og bankans, þar sem starfsmenn skuldbundu sig til þess að nýta vistvænan ferðamáta til og frá vinnustað.

## Stjórnarhættir

Seðlabankinn leggur áherslu á ábyrga stjórnarhætti. Yfirstjórn bankans fékk á árinu stjórnendapjálfun með það að markmiði að efla stjórnendateymi bankans og móta framtíðarsýn og gildi hans eftir sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins 2020.

Yfirstjórn Seðlabankans ræddi á árinu áskoranir og áhættu tengda loftslagsmálum og öðrum sjálfbærniþáttum og áhrif þessara þátta á stjórn, rekstur og ábyrgðarsvið bankans. Bankinn fylgist einnig með sjálfbærniskuldbindingum birgja sinna og vill með því hvetja og styðja þá til að bæta frammistöðu sína ef þörf krefur.

# Afkoma og efnahagur Seðlabanka Íslands



Tap af rekstri Seðlabanka Íslands á árinu 2021 nam 15.834 m.kr. en til samanburðar var 68.253 m.kr. hagnaður árið 2020. Tap af rekstri bankans má að mestu leyti rekja til virðisbreytinga eigna. Tap af fjármálagerningum fyrir gengismun var 11.211 m.kr. á árinu en til samanburðar var 10.137 m.kr. hagnaður af fjármálagerningum fyrir gengismun árið 2020. Hér til hliðar eru tölur sem sýna breytingu á milli ára á helstu liðum rekstrarreiknings og efnahagsreiknings bankans.

Hrein vaxtagjöld námu 209,4 m.kr. á árinu 2021 en á árinu 2020 voru hreinar vaxtatekjur 74,5 m.kr. Vaxtatekjur af innlendum eignum hækkuðu um 516 m.kr. frá árinu 2020 eða um 131,5% en vaxtatekjur erlendra eigna lækkuðu um 2,7 ma.kr. eða um 39,3%. Hækkun vaxtatekna af innlendum eignum má að mestu rekja til aukinna tekna af skuldabréfum ríkissjóðs vegna kaupa á ríkisskuldabréfunum á árinu. Lækkun vaxtatekna af erlendum eignum má rekja til lækkunar á kröfu á mörkuðum erlendis. Vaxtagjöld af innlendum skuldum lækkuðu um 3,4 ma.kr. en vaxtagjöld af erlendum skuldum og eignum hækkuðu um 1,5 ma.kr. Helsta ástæða fyrir lægri vaxtagjöldum af innlendum skuldum eru lægri stýrivextir á árinu 2021 en 2020. Hækkun vaxtagjalda af erlendum eignum og skuldum má að mestu rekja til lægri kröfu á mörkuðum erlendis sem olli hærri neikvæðum vöxtum á erlendum eignum.

Gengistap á árinu 2021 nam alls 819 m.kr. sem rekja má til lítils munar á gengi krónunnar í upphafi og lok árs, til samanburðar nam gengishagnaður á árinu 2020 alls 62.116 m.kr.

Virðisbreytingar eigna námu 11.099 m.kr. til gjalda á árinu 2021 samanborið við 10.063 m.kr. tekjufærslu á árinu 2020. Virðisbreytingar eigna á árinu 2021 má rekja til verðlækkunar sem kemur til vegna aukinna

Tafla VIII-1 Helstu liðir rekstrarreiknings

M.kr.	2021	2020	Breyting
Hrein (vaxtagjöld) vaxtatekjur	(209)	75	(284)
Virðisbreytingar eigna	(11.099)	10.063	(21.162)
Tekjur af hlutafjáreign	98	–	98
Gengismunur	(819)	62.116	(62.935)
Hagnaður af fjármálagerningum	(12.029)	72.254	(84.283)
Rekstrartekjur	3.657	3.354	303
Rekstrargjöld	(7.778)	(7.413)	(365)
Áhrif dótturfélaga utan samstæðu	302	55	247
Tekjuskattur	14	3	11
Afkoma ársins	(15.834)	68.253	(84.087)

Tafla VIII-2 Helstu liðir efnahagsreiknings

M.kr.	31.12.2021	31.12.2020	Breyting
<i>Eignir</i>			
Gulleign	15.212	15.404	(192)
Kröfur á erl. aðila í erl. gjaldeyri	907.828	801.469	106.359
Kröfur á innl. aðila í erl. gjaldeyri	1	–	1
Kröfur á innl. aðila vegna peningastefnu	23.646	9.520	14.126
Kröfur á innl. aðila í innl. gjaldeyri	5.981	5.809	172
Aðrar eignir	11.101	10.620	481
Eignir samtals	963.769	842.821	120.948
<i>Eigið fé og skuldir</i>			
Eigið fé	134.051	150.802	(16.751)
Útgefnir seðlar og mynt	82.047	81.462	585
Skuldir við erl. aðila í erl. gjaldeyri	89.371	30.556	58.815
Skuldir við innl. aðila í erl. gjaldeyri	304.575	214.164	90.411
Skuldir við erl. aðila í innl. gjaldeyri	5.546	9.262	(3.716)
Skuldir við innlendar lánastofnanir vegna peningastefnu	274.526	210.577	63.949
Skuldir við innl. aðila í innl. gjaldeyri	71.992	144.926	(72.934)
Aðrar skuldir	1.661	1.072	589
Eigið fé og skuldir samtals	963.769	842.821	120.948

verðbólguvæntinga á evrusvæðinu, í Bandaríkjunum og Bretlandi.

Eignir bankans námu alls 963.769 m.kr. í árslok 2021 en voru 842.821 m.kr. í lok ársins 2020. Erlendar eignir hækkuðu á árinu um 106,4 ma.kr. Þá hækkun má að mestu rekja til útgáfu ríkisins á skuldabréfi á alþjóðlegum markaði í febrúar að fjárhæð 750 milljónir evra og til þess að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn úthlutaði forðaeign í sérstökum dráttarréttindum (Special Drawing Rights, SDR) til aðildarlanda sjóðsins á árinu. Forðaeign Íslands í SDR jókst um ríflega 308 m.SDR (56,2 ma.kr. m.v. árslokagengi) við úthlutunina. Á móti varð lækkun á erlendum eignum vegna gjaldeyrissinngripa bankans á árinu, bankinn keypti evrur fyrir 20,9 ma.kr. og seldi fyrir 51,9 ma.kr. Eigið fé bankans nam 134.051 m.kr. í árslok 2021 og eiginfjárlutfall bankans var 13,9% samanborið við 17,9% í árslok 2020. Í árslok 2021 námu erlendar eignir bankans um 96% af heildareignum.

Ársreikningur bankans er birtur aftur í skýrslunni auk skýringa á einstökum liðum.

## Afkomuhorfur og eiginfjármarkmið

Seðlabanki Íslands skal lögum samkvæmt búa yfir fjárhagslegum styrk sem gerir honum kleift að rækja lögbundið hlutverk sitt. Liður í þessu er að bankinn skal ákveða á hverju ári eiginfjármarkmið sem endurspeglar þörf hans fyrir eigið fé og vaxtaberandi eignir. Eiginfjármarkmiðið tekur mið af rekstrarkostnaði bankans og þeirri áhættu og óvissu sem bankinn stendur frammi fyrir á hverjum tíma. Ákvörðun um eiginfjármarkmið er staðfest af bankaráði og var það ákveðið 150 ma.kr. á árinu 2021.

Rekstrarafkoma Seðlabankans versnaði á árinu, sem helst má rekja til endurmats verðbréfa í gjaldeyrisforða vegna hækkunar á ávöxtunarkröfu erlendis. Því minnkaði eigið fé bankans eftir að hafa aukist árin á undan vegna veikingar á gengi íslensku krónunnar og óvenjulítils vaxtamunar á milli eigna og skulda. Eigið fé bankans í árslok 2021 var um 134,1 ma.kr., sem er undir eiginfjármarkmiðinu sem staðfest var af bankaráði. Til samanburðar var eigið fé í árslok 2020 um 150,8 ma.kr. en í lok 2019 82 ma.kr. Bankinn kallaði ekki inn eigið fé frá ríkissjóði á árinu en lagaheimild er fyrir innköllun á allt að 57,2 ma.kr. á verðlagi við gildistöku laganna.

Efnahagshorfur eru háðar mikilli óvissu, ekki síst vegna vaxandi verðbólgu á heimsvísu og stríðsátaka í Evrópu. Óvissa ríkir því um lengri tíma horfur varðandi rekstur bankans og þörf hans fyrir eigið fé.

Niðurstöður sviðsmyndagreiningar á þróun afkomu og eigin fjár bankans til næstu fimm ára sýna í stórum

dráttum áframhaldandi taprekstur og þar með lækkandi eigið fé af völdum neikvæðs vaxtamunar á milli eigna og skulda (e. negative carry), gengisáhættu og vaxtaáhættu Greining á eiginfjárförf bankans gefur því ekki tilefni til að breyta eiginfjármarkmiði bankans sem ákveðið var árið 2021. Það hefur því verið staðfest óbreytt af bankaráði eða 150 ma.kr.

Árlega er tekin ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar bankans samkvæmt aðferð sem innleidd var með lögum nr. 122/2014. Þannig er hagnaði bankans, að frádregnum færslum í varasjóð, ráðstafað til ríkissjóðs svo fremi sem honum er ekki ráðstafað til að efla eigið fé bankans. Í samræmi við 2. mgr. 40 gr. laga um Seðlabanka Íslands er ekki greiddur arður í ríkissjóð vegna ársins 2021 vegna taprekstrar og eiginfjárstöðu undir eiginfjármarkmiði.

Samstæðuársreikningur 2021

IX



# Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	39
Staðfesting yfirstjórnar Seðlabanka Íslands	41
Rekstrarreikningur 2021	42
Efnahagsreikningur 31. desember 2021	43
Eiginfjáryfirlit	45
Sjóðstreymisyfirlit	46
Skýringar	47

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til bankaráðs og bankastjóra Seðlabanka Íslands

### Áritun um endurskoðun samstæðuársreikningsins

#### Álit

Við höfum endurskoðað samstæðuársreikning Seðlabanka Íslands („samstæðan“) fyrir árið 2021. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. desember 2021 og afkomu samstæðunnar og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga og lög um Seðlabanka Íslands.

#### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð samstæðunni í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

#### Aðrar upplýsingar í ársskýrslu

Bankaráð og seðlabankastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru ársskýrsla að undanskildum samstæðuársreikningi og áritun okkar á hann. Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á samstæðuársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar í ársskýrslu þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða aðra þekkingu sem við höfum aflað okkur við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Ársskýrslan liggur ekki fyrir við áritun okkar á samstæðuársreikninginn en við munum fá hana afhenta til yfirferðar áður en hún verður gefin út.

#### Ábyrgð bankaráðs og seðlabankastjóra á samstæðuársreikningnum

Bankaráð og seðlabankastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og lög um Seðlabanka Íslands og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram samstæðuársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber bankaráði og seðlabankastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi samstæðunnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annaðhvort að leysa samstæðuna upp eða hætta starfsemi hennar eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Bankaráð og seðlabankastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

#### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort samstæðuársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur samstæðuársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum

endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun bankaráðs og seðla-bankastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samstæðunnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggist á endurskoðunargögnum sem aflað er fram

að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert samstæðuna órekstrarhæfa.

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar eininga innan samstæðunnar til að geta gefið álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar samstæðunnar og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum bankaráð meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Reykjavík, 16. mars 2022

KPMG ehf.

Hrafnhildur Helgadóttir

# Staðfesting yfirstjórnar Seðlabanka Íslands

Bankaráð og bankastjóri Seðlabanka Íslands staðfesta hér með ársreikning bankans fyrir árið 2021 með undirritun sinni. Frosti Sigurjónsson gerir þó þann fyrirvara að hann telur að ekki eigi að færa seðla og mynt til skuldar í efnahagsreikningi.

Reykjavík, 16. mars 2022

## Áritun bankaráðs

*Pórunn Guðmundsdóttir  
Sigurður Kári Kristjánsson  
Frosti Sigurjónsson*

*Gylfi Magnússon  
formaður*

*Bolli Héðinsson  
Una María Óskarsdóttir  
Jacqueline Clare Mallett*

## Áritun seðlabankastjóra

*Ásgeir Jónsson*

## Staðfesting forsætisráðherra

Með skírskotun til yfirlýsingar endurskoðenda, bankaráðs og seðlabankastjóra staðfestist reikningurinn hér með.

Reykjavík, 31. mars 2022

*Katrín Jakobsdóttir*

## Rekstrarreikningur 2021

	Skýring	2021	2020
Vaxtatekjur af innlendum eignum	5	907.838	392.160
Vaxtatekjur af erlendum eignum	5	4.157.099	6.852.230
Vaxtagjöld af innlendum skuldum	6	(3.107.047)	(6.537.436)
Vaxtagjöld af erlendum skuldum og eignum	6	(2.167.258)	(632.422)
Hrein (vaxtagjöld) vaxtatekjur		<u>(209.368)</u>	<u>74.532</u>
Erlendar virðisbreytingar eigna		(10.376.547)	9.771.472
Innlendar virðisbreytingar eigna		( 722.827)	291.187
Virðisbreytingar eigna samtals	7	<u>(11.099.374)</u>	<u>10.062.659</u>
Tekjur af hlutafjáreign	8	97.933	-
(Tap) hagnaður af fjármálagerningum fyrir gengismun		(11.210.809)	10.137.191
Gengismunur	9	( 818.984)	62.116.426
(Tap) hagnaður af fjármálagerningum		<u>(12.029.793)</u>	<u>72.253.617</u>
Eftirlitstekjur	10	2.209.804	2.359.005
Þjónustutekjur	11	1.187.155	903.831
Aðrar tekjur		259.880	91.451
Aðrar tekjur samtals		<u>3.656.839</u>	<u>3.354.287</u>
Laun og launatengd gjöld	12	(4.921.342)	(5.146.535)
Annar rekstrarkostnaður	13	(1.919.039)	(1.503.283)
Þjónustugjöld	14	(674.529)	(536.903)
Afskriftir fastafjármuna	21.1	(146.035)	(129.080)
Afskriftir hugbúnaðar	21.2	(116.368)	(96.898)
Rekstrargjöld samtals		<u>(7.777.313)</u>	<u>(7.412.699)</u>
Áhrif dótturfélaga utan samstæðu	21.3	302.038	55.016
(Tap) hagnaður fyrir skatta		<u>(15.848.229)</u>	<u>68.250.221</u>
Tekjuskattur	15	13.750	3.226
(Tap) hagnaður ársins		<u>(15.834.479)</u>	<u>68.253.447</u>



## Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýring	31.12.2021	31.12.2020
<i>Eignir</i>			
Gulleign	16	15.211.571	15.403.715
Kröfur á erlenda aðila í erlendum gjaldeyri	17	907.827.623	801.469.348
Erlendar bankainnstæður	17.1	169.478.923	109.886.615
Staða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn	17.2	89.747.098	33.696.074
Erlend verðbréf og aðrar eignir í forða	17.3	648.601.088	657.805.606
Eignir utan forða	17.4	514	81.053
Kröfur á innlenda aðila í erlendum gjaldeyri	18	781	-
Kröfur á innlenda aðila vegna peningastefnu	19	23.646.485	9.519.749
Ríkissjóður	19.1	21.834.841	7.770.361
Innlánsstofnanir	19.2	1.811.644	1.749.388
Kröfur á innlenda aðila í innlendum gjaldeyri	20	5.980.855	5.808.631
Innlánsstofnanir	20.1	302.014	-
Aðrir aðilar	20.2	5.678.841	5.808.631
Aðrar eignir	21	11.102.026	10.619.730
Varanlegir rekstrarfjármunir	21.1	8.401.020	7.928.990
Hugbúnaður	21.2	933.039	983.598
Aðrar eignir	21.3	1.767.967	1.707.142
Eignir samtals		<u>963.769.341</u>	<u>842.821.173</u>

	Skýring	31.12.2021	31.12.2020
<i>Eigið fé og skuldir</i>			
<i>Eigið fé</i>			
Stofnfé		94.240.804	91.160.430
Óinnkallað stofnfé		(62.739.804)	(59.659.430)
Varasjóður		29.310.057	67.056.063
Endurmat fasteigna og lausafjármuna		7.117.895	7.330.069
Bundnar hlutdeildartekjur		224.688	26.896
Annað eigið fé		65.896.874	44.888.080
Eigið fé samtals	22	<u>134.050.514</u>	<u>150.802.108</u>
<i>Skuldir</i>			
Útgefnir seðlar og mynt	23	82.046.661	81.462.111
Skuldir við erlenda aðila í erlendum gjaldeyri	24	89.371.007	30.555.938
Innlán	24.1	12.601.875	9.927.305
Mótvirði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn	17.2	76.769.132	20.628.633
Skuldir við innlenda aðila í erlendum gjaldeyri	25	304.575.082	214.163.804
Skuldir við erlenda aðila í innlendum gjaldeyri	26	5.546.351	9.262.364
Innlán	26.1	5.546.351	2.494.998
Innstæðubréf	26.2	-	6.767.366
Skuldir við innlendar lánastofnanir vegna peningastefnu	27	274.525.854	210.577.243
Innlán	27.1	78.666.995	66.011.866
Bindiskylda	27.2	26.818.504	24.487.312
Bundin innlán	27.3	169.040.355	112.948.802
Innstæðubréf	27.4	-	7.129.263
Skuldir við innlenda aðila í innlendum gjaldeyri	28	71.991.797	144.925.801
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	28.1	67.832.527	142.289.342
Aðrir aðilar	28.2	4.159.270	2.636.459
Aðrar skuldir	29	1.662.075	1.071.804
Skuldir samtals		<u>829.718.827</u>	<u>692.019.065</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>963.769.341</u>	<u>842.821.173</u>

## Eiginfjáryfirlit

	Stofnfé	Óinnkallað stofnfé	Varasjóður	Endurmat fasteigna	Bundnar hlutdeildar- tekjur	Annað eigið fé (neikvætt)	Eigið fé samals
2021							
Eigið fé 1. janúar 2020	91.160.430	(59.659.430)	67.056.063	7.330.069	26.896	44.888.080	150.802.108
Verðbætur á óinnkölluðu stofnfé	3.080.374	(3.080.374)	-	-	-	-	-
Greiddur arður í ríkissjóð	-	-	-	-	-	(802.109)	(802.109)
Tap ársins 2021	-	-	(37.746.006)	-	197.792	21.713.735	(15.834.479)
Endurmat fasteigna 2021	-	-	-	(115.006)	-	-	(115.006)
Afskrift endurmetinna eigna 2021	-	-	-	(97.168)	-	97.168	-
Eigið fé 31. desember 2021	<u>94.240.804</u>	<u>(62.739.804)</u>	<u>29.310.057</u>	<u>7.117.895</u>	<u>224.688</u>	<u>65.896.874</u>	<u>134.050.514</u>
2020							
Eigið fé 31. desember 2019	89.763.819	(58.262.819)	55.126.282	7.540.925	251.966	(12.438.271)	81.981.902
Áhrif af nýjum lögum um Seðlabankann	(1.062.819)	1.062.819	-	-	-	-	-
Áhrif af sameiningu við Fjármálaeftirlitið	-	-	-	-	-	690.870	690.870
Eigið fé 1. janúar 2020	<u>88.701.000</u>	<u>(57.200.000)</u>	<u>55.126.282</u>	<u>7.540.925</u>	<u>251.966</u>	<u>(11.747.401)</u>	<u>82.672.772</u>
Verðbætur á óinnkölluðu stofnfé	2.459.430	(2.459.430)	-	-	-	-	-
Hagnaður ársins 2020	-	-	11.929.781	-	124.930	56.198.736	68.253.447
Mótttekinn arður frá dótturfélögum	-	-	-	-	(350.000)	350.000	-
Endurmat fasteigna 2020	-	-	-	(124.111)	-	-	(124.111)
Afskrift endurmetinna eigna 2020	-	-	-	(86.745)	-	86.745	-
Eigið fé 31. desember 2020	<u>91.160.430</u>	<u>(59.659.430)</u>	<u>67.056.063</u>	<u>7.330.069</u>	<u>26.896</u>	<u>44.888.080</u>	<u>150.802.108</u>

Í skýringu 22 er greint frá reikningshaldslegri meðhöndlun eiginfjárliða, sundurliðun á breytingum á varasjóði auk þess sem sýnd er þróun á eiginfjárhlutfalli bankans undanfarin ár.

## Sjóðstreymisýfirlit

	Skýring	2021	2020
<i>Rekstrarhreyfingar</i>			
Innheimtar vaxtatekjur		7.994.445	10.776.066
Greidd vaxtagjöld		(3.695.628)	( 6.458.100)
<b>Nettó innheimtar vaxtatekjur</b>		<b>4.298.817</b>	<b>4.317.966</b>
Innheimtar eftirlitstekjur		2.209.804	2.359.005
Innheimtar þjónustutekjur og aðrar tekjur		2.023.006	1.001.850
Greidd þjónustugjöld		(666.977)	(538.344)
Innborgaður arður af hlutafjáreign	8	97.933	-
Greidd rekstrargjöld		(6.979.106)	(6.518.721)
Greiddir skattar		-	(23.446)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>983.477</b>	<b>598.310</b>
<i>Fjárfestingarhreyfingar</i>			
Keypt verðbréf í gjaldeyrisforða		(206.569.486)	(364.111.453)
Sala og innheimta verðbréfa í gjaldeyrisforða		188.514.890	340.426.089
Breyting á erlendum eignum utan gjaldeyrisforða		65.829	100.738
Keypt ríkisbréf	19.1	(15.481.336)	(7.566.030)
Innheimtar afborganir af verðbréfum í innlendum gjaldeyri		373.275	186.460
Aðrar eignir		(339.879)	(1.748.243)
Keyptir rekstrarfjármunir	21.1	(733.071)	(341.406)
Keyptur hugbúnaður	21.2	(65.809)	(310.349)
Arðgreiðsla félags utan samstæðu	21.3	-	350.000
Lækkun hlutafjár félags utan samstæðu	21.3	350.000	-
Kröfur á dótturfélag utan samstæðu	32	-	1.390.798
Fyrirfram innheimt kaupverð vegna sölu kerfa	29	70.000	-
<b>Fjárfestingarhreyfingar samtals</b>		<b>(33.815.587)</b>	<b>(31.623.396)</b>
<i>Fjármögnunarhreyfingar</i>			
Útgefnir seðlar og mynt	23	584.550	6.727.692
Innlán í erlendum gjaldeyri		111.579.813	39.851.539
Innlán í innlendum gjaldeyri		1.277.854	(114.699.545)
Innstæðubréf		(13.896.629)	(26.316.554)
Greiddur arður í ríkissjóð		(802.109)	-
Aðrar skuldir		2.595	(196.371)
<b>Fjármögnunarhreyfingar samtals</b>		<b>98.746.074</b>	<b>(94.633.239)</b>
Hækkun (lækkun) á erlendum bankainnstæðum		65.913.963	(125.658.325)
Gengismunur erlendra bankainnstæðna	9	(6.321.655)	25.387.239
Erlendar bankainnstæður í ársbyrjun		109.886.615	210.157.701
<b>Erlendar bankainnstæður í árslok</b>	<b>17</b>	<b>169.478.923</b>	<b>109.886.615</b>

# Skýringar

## Almennt

1	Upplýsingar um Seðlabanka Íslands	48
2	Grundvöllur reikningsskilanna	48
3	Reikningshaldslegt mat og ákvarðanir	48
4	Samstæðan	48

## Skýringar við rekstrarreikning

5	Vaxtatekjur	49
6	Vaxtagjöld	50
7	Virðisbreytingar eigna	50
8	Tekjur af hlutafjäreign	51
9	Gengismunur	51
10	Eftirlitstekjur	52
11	Þjónustutekjur	52
12	Laun og launatengd gjöld	53
13	Annar rekstrarkostnaður	53
14	Þjónustugjöld	53
15	Tekjuskattur	54

## Skýringar við efnahagsreikning

16	Gulleign	54
17	Kröfur á erlenda aðila í erlendum gjaldeyri	54
18	Kröfur á innlenda aðila í erlendum gjaldeyri	56
19	Kröfur á innlenda aðila vegna peningastefnu	57
20	Kröfur á innlenda aðila í innlendum gjaldeyri	57
21	Aðrar eignir	58
22	Eigið fé	61
23	Útgefnir seðlar og mynt	62
24	Skuldir við erlenda aðila í erlendum gjaldeyri	63

25	Skuldir við innlenda aðila í erlendum gjaldeyri	63
26	Skuldir við erlenda aðila í innlendum gjaldeyri	63
27	Skuldir við innlendar lánastofnanir vegna peningastefnu	63
28	Skuldir við innlenda aðila í innlendum gjaldeyri	64
29	Aðrar skuldir	65

## Aðrar upplýsingar

30	Krónukerfið	66
31	Gjaldeyrisviðskipti á árinu	66
32	Tengdir aðilar	68
33	Kostnaðargreining	69
34	Fjármálaeftirlit	70
35	Önnur mál	70
36	Atburðir eftir lok reikningskiladags	70

## Áhættustýring

37	Gjaldeyrisforði	71
38	Kröfuáhætta	71
39	Lausafjáraáhætta	73
40	Uppgjörsáhætta	74
41	Markaðsáhætta	75
42	Áhætta tengd innlendum markaðsviðskiptum og innlánnum	77

## Mikilvægar reikningskilaaðferðir

43	Mikilvægar reikningskilaaðferðir	77
----	----------------------------------	----



## Almennt

### Skýring 1 – Upplýsingar um Seðlabanka Íslands

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins og heyrir undir forsætisráðherra. Markmið bankans er að stuðla að stöðugu verðlagi, fjármálastöðugleika og traustri og öruggri fjármálastarfsemi. Þá skal bankinn sinna viðfangsefnum sem

samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisforða og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslumiðlun í landinu og við útlönd.

### Skýring 2 – Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningur Seðlabanka Íslands 31. desember 2021 er gerður í samræmi við lög um Seðlabanka Íslands nr. 92/2019 og lög um ársreikninga nr. 3/2006. Samstæðuársreikningurinn byggist á kostnaðarverðsreikningsskilum að undanskildum veltufjáreignum og fasteignum sem færðar eru á gangvirði. Til

veltufrjáreigna teljast skuldabréf á markaði og afleiður. Samstæðuársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Samstæðuársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna. Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir eru settar fram í skýringu 43.

### Skýring 3 – Reikningshaldslegt mat og ákvarðanir

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Stjórnendur yfirfara reglulega mat og forsendur þess og breyta eftir því sem ástæða þykir til. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað.

### Skýring 4 – Samstæðan

Dótturfélög eru félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar ef samstæðan ber áhættu og réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku sinnar í félaginu og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinninginn af fjárfestingunni. Reikningsskil Greiðsluveitunnar eru innifalin í samstæðureikningnum frá því að yfirráð nást og þar til að þeim lýkur. Reikningsskilum F fasteignafélags ehf. er haldið utan samstæðu þar

sem þau hafa óverulega þýðingu fyrir rekstur og efnahag samstæðunnar. Eignarhlutur í F fasteignafélagi ehf. er færður samkvæmt hlutdeildaraðferð.

Stöður og viðskipti og allar óinnleystar tekjur og gjöld milli félaga innan samstæðu eru felld út við gerð samstæðureikningsskila.

#### Félag innan samstæðu

Greiðsluveitan ehf., Álfheimum 74, Reykjavík

#### Félag utan samstæðu

F fasteignafélag ehf., Ránargötu 18, Reykjavík

#### Eignarhlutur

100%

100%

#### Starfsemi

Rekstur greiðslukerfa

Eignarhaldsfélag

## Skýringar við rekstrarreikning

### Skýring 5 – Vaxtatekjur

	2021	2020
<i>Vaxtatekjur af innlendum eignum</i>		
Vaxtatekjur af daglánum og lánalínu	321	766
Vaxtatekjur af veðlánum	21.603	6.638
Vaxtatekjur af óverðtryggðum verðbréfum	496.022	23.276
Vaxtatekjur af verðtryggðum verðbréfum	387.679	348.888
Vaxtatekjur af öðrum innlendum eignum	2.213	12.592
Vaxtatekjur af innlendum eignum samtals	<u>907.838</u>	<u>392.160</u>
<i>Vaxtatekjur af erlendum eignum</i>		
Vaxtatekjur af stöðu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn	28.258	64.237
Vaxtatekjur af bankareikningum	7.462	197.164
Vaxtatekjur af verðbréfum	4.121.379	6.365.574
Vaxtatekjur af öðrum erlendum eignum	-	225.255
Vaxtatekjur af erlendum eignum samtals	<u>4.157.099</u>	<u>6.852.230</u>

Vaxtatekjur af innlendum eignum hækkuðu um 515,7 m.kr. frá árinu 2020 eða um 131,5%.

Hætt var að veita hefðbundin daglán við gangsetningu á nýju millibankakerfi (MBK) seinni hluta árs 2020. Í staðinn hafa bankar aðgengi að lánalínu innan MBK. Lítið var gengið á þá lánalínu á árinu 2021.

Vaxtatekjur af veðlánum fyrir árið 2021 eru vegna stuðningslána. Í september 2020 hóf bankinn að bjóða viðskiptabönkum og sparisjóðum sérstök veðlán vegna stuðningslána með 100% ríkisábyrgð.

Í byrjun maí 2020 hóf bankinn kaup á skuldabréfum ríkissjóðs á eftirmarkaði og héldu þau kaup áfram árið 2021. Skuldabréfaeignin jókst úr 7,8 ma.kr. í árslok 2020 í 21,8 ma.kr. í árslok 2021 sem útskýrir hækkun á vaxtatekjum óverðtryggðra skuldabréfa.

Vaxtatekjur af erlendum eignum lækkuðu um 2,7 ma.kr. frá árinu 2020 eða um 39,3%.

Vaxtatekjur af erlendum bankareikningum lækkuðu um 189,7 m.kr. milli ára. Í dag bera flestir erlendir bankareikningar bankans annaðhvort núllvexti eða neikvæða vexti. Neikvæðir vextir af erlendum bankareikningum eru færðir sem vaxtagjöld. Nettóvextir af erlendum bankareikningum að teknu tilliti til reikninga með neikvæðum vöxtum voru neikvæðir upp á 590 m.kr. sem er 236 m.kr. hærri nettó gjaldfærsla en árið 2020.

Vaxtatekjur af erlendum verðbréfum lækkuðu um 2,2 ma.kr. milli ára eða um 35,3%. Ástæða þess er lækkun á kröfu á safninu. Vextir af skuldabréfaflokkum með neikvæða ávöxtunarkröfu eru færðir sem vaxtagjöld. Nettóvextir af erlendum skuldabréfaeign voru 2,6 ma.kr., sem er 3,8 ma.kr. lækkun frá fyrra ári eða 59,3%.

## Skýring 6 – Vaxtagjöld

	2021	2020
<i>Vaxtagjöld af innlendum skuldum</i>		
Vaxtagjöld af bundnum innlánum	1.712.199	3.951.380
Vaxtagjöld af viðskiptareikningum	1.325.827	2.272.057
Vaxtagjöld af gjaldeyrisreikningum	78	542
Vaxtagjöld af öðrum innlendum skuldum	68.943	313.457
Vaxtagjöld af innlendum skuldum samtals	<u>3.107.047</u>	<u>6.537.436</u>
<i>Vaxtagjöld af erlendum skuldum og eignum</i>		
Vaxtagjöld af stöðu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn	21.480	41.149
Vaxtagjöld af erlendum bankareikningum	597.544	551.169
Vaxtagjöld af erlendum forðabréfum	1.548.234	40.104
Vaxtagjöld af erlendum skuldum og eignum samtals	<u>2.167.258</u>	<u>632.422</u>

Vaxtagjöld af innlendum skuldum lækkuðu milli ára um 3,4 ma.kr eða 52,5%. Helsta ástæðan eru lægri stýrivextir á árinu 2021 en 2020.

Vaxtagjöld af bundnum innlánum námu um 1,7 ma.kr. á árinu 2021 samanborið við 4 ma.kr. á árinu 2020 sem er 2,2 ma.kr. lækkun eða 56,7%.

Vaxtagjöld af viðskiptareikningum lækkuðu um 0,9 ma.kr. eða 41,6%.

Vaxtagjöld af erlendum eignum hækkuðu um 1,5 ma.kr. vegna lægri kröfu á mörkuðum erlendis sem olli hærri neikvæðum vöxtum á erlendum eignum.

Vaxtagjöld af erlendum bankareikningum eru tilkomin vegna neikvæðra vaxta á innstæðum og hækkuðu um 46,3 m.kr. eða um 8,4%.

Vaxtagjöld af erlendum forðabréfum eru tilkomin vegna neikvæðrar ávöxtunar á skuldabréfaflokkum.

## Skýring 7 – Virðisbreytingar eigna

	2021	2020
<i>Innleyst endurmat</i>		
Innlend verðbréf	-	(4.217)
Erlend verðbréf og verðbréfasjóðir	1.908.952	3.186.360
Innleyst endurmat samtals	<u>1.908.952</u>	<u>3.182.143</u>
<i>Óinnleyst endurmat</i>		
Innlend verðbréf	(722.827)	86.956
Innlendar afleiður	-	208.448
Erlend verðbréf og verðbréfasjóðir	(12.285.499)	6.791.345
Erlendar afleiður	-	(206.233)
Óinnleyst endurmat samtals	<u>(13.008.326)</u>	<u>6.880.516</u>
Virðisbreytingar eigna samtals	<u>(11.099.374)</u>	<u>10.062.659</u>

## Skýring 8 – Tekjur af hlutafjáreign

Tekjur af hlutafjáreign eru vegna arðs frá Alþjóðagreiðslubankanum. Vegna útbreiðslu COVID-19-veirunnar ákvað Alþjóðagreiðslubankinn að greiða ekki út arð á árinu 2020.

## Skýring 9 – Gengismunur

	2021	2020
<i>Innleystur gengismunur</i>		
Erlendar bankainnstæður	(6.321.655)	25.387.239
Erlend verðbréf og sjóðir	11.413.826	57.339.798
Innlendar gjaldeyrisinnstæður	18.493.971	(26.817.912)
Afleiður	-	(2.215)
Annað	136.261	17.992
Innleystur gengismunur samtals	<u>23.722.403</u>	<u>55.924.902</u>
<i>Óinnleystur gengismunur</i>		
Gull	(192.144)	3.683.579
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn	(95.920)	1.142.998
Erlend verðbréf og sjóðir	(24.257.471)	1.369.903
Annað	4.148	(4.956)
Óinnleystur gengismunur samtals	<u>(24.541.387)</u>	<u>6.191.524</u>
Gengismunur samtals	<u>(818.984)</u>	<u>62.116.426</u>

	<i>Meðalgengi ársins</i>		<i>Gengi í lok árs</i>		<i>Breyting á</i>
	2021	2020	2021	2020	<i>árslokagengi</i>
					%
Evra (EUR)	150,2	154,5	147,6	156,1	-5,4
Bandaríkjadalur (USD)	127,1	135,3	130,4	127,2	2,5
Sterlingspund (GBP)	174,7	173,6	175,7	173,6	1,3
Japanskt jen (JPY)	1,2	1,3	1,1	1,2	-8,1
Dönsk króna (DKK)	20,2	20,7	19,9	21,0	-5,4
Norsk króna (NOK)	14,8	14,4	14,8	14,9	-1,1
Sænsk króna (SEK)	14,8	14,8	14,4	15,6	-7,6
Svissneskur franki (CHF)	139,0	144,3	142,8	144,4	-1,1
Kanadadalur (CAD)	101,3	101,0	102,4	99,9	2,5
Kínverskt júan (CNY)	19,7	19,6	20,5	19,5	5,6
Sérstök dráttarréttindi (XDR)	180,9	188,5	182,5	183,9	-0,7
Gull (XAU)	228.444,7	240.145,8	238.478,1	240.817,4	-1,0

## Heildareignir og skuldir í erlendum gjaldmiðli í þúsundum króna

	31.12.2021		31.12.2020	
	Eignir	Skuldir	Eignir	Skuldir
Evra	518.941.143	340.663.951	359.763.714	230.693.054
Bandaríkjadalur	308.062.722	32.194.482	317.398.872	8.495.056
Sterlingspund	53.560.841	6.277.089	91.287.299	1.653.105
Japanskt jen	15.691.537	6.435.881	27.699.601	1.647.806
Aðrir gjaldmiðlar	11.678.389	8.383.240	5.458.728	2.233.515
Gull	15.211.571	-	15.403.715	-
Samtals	923.146.203	393.954.644	817.011.929	244.722.536

Nánari sundurliðun á heildareignum og skuldum í erlendum gjaldmiðli má sjá í skýringu 41. Sérstök dráttarréttindi (SDR) er gjaldmiðlakarfa ákvörðuð af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem samanstendur af fimm gjaldmiðlum: Bandaríkjadal, evru, kínversku júani, sterlingspundi og japönsku jeni. Eina eign bank-

ans í SDR er staða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og eina skuld bankans í SDR er mótvirði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Eignir og skuldir bankans í SDR eru umreiknaðar í þá gjaldmiðla sem gjaldmiðlakarfan samanstendur af, miðað við vægi hvers gjaldmiðils í lok árs.

## Skýring 10 – Eftirlitstekjur

	2021	2020
Reglubundið eftirlit	2.180.000	2.330.500
Tekjur samkvæmt gjaldskrá vegna sértækra aðgerða fjármálaeftirlitsins	29.804	28.505
Eftirlitstekjur samtals	2.209.804	2.359.005

Eftirlitsskyldir aðilar og aðrir gjaldskyldir aðilar sem tilgreindir eru í lögum nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og skilavald skulu standa straum

af kostnaði við rekstur fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands með sérstöku eftirlitsgjaldi.

## Skýring 11 – Þjónustutekjur

	2021	2020
Greiðslumiðlun	1.020.911	748.169
Markaðsviðskipti	166.244	155.662
Þjónustutekjur samtals	1.187.155	903.831



## Skýring 12 – Laun og launatengd gjöld

	2021	2020
Laun	4.052.838	4.188.471
Lífeyrissjóður	595.331	588.247
Launatengd gjöld	339.322	351.299
Framlag til lífeyrisskuldbindinga	(66.149)	18.518
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>4.921.342</u>	<u>5.146.535</u>
Fjöldi ársverka	301	297

## Skýring 13 – Annar rekstrarkostnaður

	2021	2020
Rekstur eigna og lausafjármuna	572.002	415.070
Upplýsingatækni	425.999	286.414
Aðkeypt þjónusta	291.065	296.398
Skrifstofukostnaður	307.089	277.046
Ýmsir rekstrarliðir	301.027	228.355
Kostnaður af seðlum og mynt	21.857	-
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>1.919.039</u>	<u>1.503.283</u>

### Þóknanir til endurskoðunarfyrtækja

	2021	2020
<i>Endurskoðun á ársreikningi</i>		
KPMG ehf.	10.503	10.753
<i>Ráðgjöf og önnur þjónusta</i>		
Deloitte ehf.	2.554	4.166
PricewaterhouseCoopers ehf.	-	2.501
Þóknanir til endurskoðunarfyrtækja samtals	<u>13.057</u>	<u>17.420</u>

Ríkisendurskoðun útvistar endurskoðun á samstæðuársreikningi Seðlabanka Íslands til KPMG ehf.

## Skýring 14 – Þjónustugjöld

	2021	2020
Greiðslumiðlun	568.128	402.895
Gjöld vegna vörslugjalda	66.546	71.264
Verðbréfavíðskipti	39.855	62.744
Þjónustugjöld samtals	<u>674.529</u>	<u>536.903</u>

## Skýring 15 – Tekjuskattur

Seðlabanki Íslands er undanþeginn tekjuskatti skv. 4. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Tekjufærður tekjuskattur í samstæðuársreikningi er vegna Greiðsluveitunnar ehf., dótturfélags Seðlabanka Íslands.

Tekjuskattur er reiknaður og færður í reikninginn og nemur tekjufærð fjárhæð í rekstrarreikningi 13,7 m.kr. (2020: 3,2 m.kr.). Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2021 þar sem tekjuskattsstofn Greiðsluveitunnar er neikvæður.

## Skýringar við efnahagsreikning

### Skýring 16 – Gulleign

	2021	2020
Staða í upphafi árs	15.403.715	11.720.136
Gengismunur	(192.144)	3.683.579
Staða í árslok	<u>15.211.571</u>	<u>15.403.715</u>
Gulleign í árslok í únsum	63.797	63.797

### Skýring 17 – Kröfur á erlenda aðila í erlendum gjaldeyri

#### Skýring 17.1 – Erlendar bankainnstæður

	31.12.2021	31.12.2020
Innstæður í erlendum seðlabönkum	167.773.216	108.970.004
Innstæður í öðrum erlendum bönkum	1.705.707	916.611
Erlendar bankainnstæður samtals	<u>169.478.923</u>	<u>109.886.615</u>
Innstæður, lausar til útgreiðslu	157.001.557	104.492.911
Bundnar innstæður, lausar innan þriggja mánaða	12.477.366	5.393.704
Erlendar bankainnstæður samtals	<u>169.478.923</u>	<u>109.886.615</u>

## Skýring 17.2 – Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

Úthlutaður kvóti Íslands við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS) nam 321,8 m.SDR í lok árs 2021 (31.12.2020: 321,8 m.SDR). Gjaldeyrisstaða bankans við sjóðinn nam 69,8 m.SDR í lok árs 2021 (31.12.2020: 69,8 m.SDR) sem er mismunurinn á kvótanum og krónuinneign sjóðsins hjá bankanum að teknu tilliti til stöðu viðskiptareiknings AGS hjá Seðlabankanum. Úthlutað SDR námu 420,7 m.SDR í lok árs 2021 (31.12.2020: 112,3 m.SDR).

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn úthlutaði forðaeign í sérstökum dráttarréttindum (Special Drawing Rights, SDR) til aðildarlanda sjóðsins 23. ágúst 2021. Forðaeign Íslands í SDR jókst um ríflega 308 m.SDR (56,2 ma.kr. m.v. árslokagengi) við úthlutunina. Úthlutunin hækkar innstæðu Seðlabankans hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Úthlutunin hækkar jafnframt skuld bankans við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um sömu fjárhæð.

	31.12.2021		31.12.2020	
	SDR	ISK	SDR	ISK
<i>Eignir</i>				
Kvóti Seðlabanka Íslands	321.800	58.728.500	321.800	59.162.930
Inneign hjá Seðlabanka Íslands	(252.002)	(45.990.412)	(252.002)	(46.330.568)
Viðskiptareikningur AGS hjá Seðlabanka	6	1.207	6	1.103
Gjaldeyrisstaða Seðlabankans hjá AGS	<u>69.804</u>	<u>12.739.295</u>	<u>69.804</u>	<u>12.833.465</u>
Gjaldeyrisstaða Seðlabankans hjá AGS	69.804	12.739.295	69.804	12.833.465
Innstæða Seðlabankans hjá AGS	421.917	76.999.682	113.245	20.857.231
Áfallnir vextir	44	8.121	226	5.378
Staða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn	<u>491.765</u>	<u>89.747.098</u>	<u>183.275</u>	<u>33.696.074</u>
<i>Skuldir</i>				
Mótvirði úthlutaðra SDR	420.654	76.769.132	112.198	20.627.530
Viðskiptareikningur AGS hjá Seðlabanka	6	1.207	6	1.103
Staða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn	<u>420.660</u>	<u>76.770.339</u>	<u>112.204</u>	<u>20.628.633</u>

### Skýring 17.3 – Erlend verðbréf og aðrar eignir í forða

	31.12.2021	31.12.2020
Erlend verðbréf	646.934.672	656.288.133
Erlendir verðbréfasjóðir	1.666.416	1.517.473
Erlend verðbréf og aðrar eignir í forða samtals	<u>648.601.088</u>	<u>657.805.606</u>

### Breytingar á erlendum verðbréfum og verðbréfasjóðum

	2021	2020
Staða í byrjun árs	657.805.606	568.923.818
Kaup á árinu	206.569.486	364.111.453
Sala og innheimta á árinu	(175.192.112)	(279.899.931)
Breyting á áföllnum vöxtum	(343.690)	(628.260)
Breyting á yfirverði og undirverði	(3.695.401)	(2.862.722)
Óuppgert endurmat	(12.285.499)	6.791.345
Gengismunur	(24.257.303)	1.369.903
Staða í árslok	<u>648.601.088</u>	<u>657.805.606</u>

### Skýring 17.4 – Eignir utan forða

Eignir utan forða samanstanda af skammtímakröfum á erlenda aðila.

### Skýring 18 – Kröfur á innlenda aðila í erlendum gjaldeyri

Kröfur á innlenda aðila í erlendum gjaldeyri í lok árs 2021 samanstóðu einungis af evrureikningi hjá innlendum viðskiptabanka. Seðlabankinn átti engar kröfur á innlenda aðila í erlendum gjaldeyri í lok árs 2020.

## Skýring 19 – Kröfur á innlenda aðila vegna peningastefnu

### Skýring 19.1 – Ríkissjóður

Kröfur á ríkissjóð vegna peningastefnu samanstanda einungis af ríkisbréfum.

#### Breytingar á ríkisbréfum

	2021	2020
Staða í byrjun árs	7.770.361	-
Kaup á árinu	15.481.336	7.779.958
Innheimta á árinu	(200.000)	-
Breyting á áföllnum vöxtum	(3.569)	(12.267)
Breyting á yfirverði og undirverði	(468.257)	(35.574)
Óuppgert endurmat	(745.030)	38.244
Staða í árslok	<u>21.834.841</u>	<u>7.770.361</u>

### Skýring 19.2 – Innlánsstofnanir

Kröfur á innlánsstofnanir vegna peningastefnu samanstanda einungis af stuðningslánnum.

## Skýring 20 – Kröfur á innlenda aðila í innlendum gjaldeyri

### Skýring 20.1 – Innlánsstofnanir

Kröfur á innlánsstofnanir í innlendum gjaldeyri samanstanda af lánveitingum vegna kostnaðarþátttöku í innleiðingu á Milli-bankagreiðslukerfi Seðlabanka Íslands (MBK).

### Skýring 20.2 – Aðrir aðilar

Kröfur á aðra innlenda aðila í innlendum gjaldeyri eru einungis húsbréf.

## Skýring 21 – Aðrar eignir

### Skýring 21.1 – Varanlegir rekstrarfjármunir

2021	Fasteignir	Lausafé	Söfn	Samtals
<i>Kostnaðar- og matsverð</i>				
Kostnaðarverð í ársbyrjun	4.929.088	385.935	310.572	5.625.595
Matsverð í ársbyrjun	3.353.457	-	-	3.353.457
Sérstakt endurmat	(115.006)	-	-	(115.006)
Eignfært á árinu	655.979	77.092	-	733.071
Staða í árslok	8.823.518	463.027	310.572	9.597.117
<i>Afskriftir</i>				
Staða í ársbyrjun	875.808	174.254	-	1.050.062
Afskrift ársins	102.268	43.767	-	146.035
Staða í árslok	978.076	218.021	-	1.196.097
Bókfært verð í ársbyrjun	7.406.737	211.681	310.572	7.928.990
Bókfært verð í árslok	7.845.442	245.006	310.572	8.401.020
Afskriftarhlutföll	0-3%	10-33%	0%	

Fasteignamat varanlegra rekstrarfjármuna í lok árs 2021 nam 6,2 ma.kr.

Vátryggingamat varanlegra rekstrarfjármuna í lok árs 2021 nam 9,5 ma.kr.

2020	Fasteignir	Lausafé	Söfn	Samtals
<i>Kostnaðar- og matsverð</i>				
Kostnaðarverð í ársbyrjun	4.698.232	253.862	310.567	5.262.661
Matsverð í ársbyrjun	3.477.568	-	-	3.477.568
Sameining við Fjármálaeftirlitið	-	50.968	5	50.973
Sérstakt endurmat	(124.111)	-	-	(124.111)
Eignfært á árinu	230.856	112.760	-	343.616
Selt og aflagt á árinu	-	(31.655)	-	(31.655)
Staða í árslok	8.282.545	385.935	310.572	8.979.052
<i>Afskriftir</i>				
Staða í ársbyrjun	787.715	162.712	-	950.427
Afskrift ársins	88.093	40.987	-	129.080
Selt og aflagt á árinu	-	(29.445)	-	(29.445)
Staða í árslok	875.808	174.254	-	1.050.062
Bókfært verð í ársbyrjun	7.388.085	91.150	310.567	7.789.802
Bókfært verð í árslok	7.406.737	211.681	310.572	7.928.990
Afskriftarhlutföll	0-3%	10-33%	0%	

Fasteignamat varanlegra rekstrarfjármuna í lok árs 2020 nam 5,9 ma.kr.

Vátryggingamat varanlegra rekstrarfjármuna í lok árs 2020 nam 9,4 ma.kr.



## Skýring 21.2 – Hugbúnaður

	2021	2020
<i>Kostnaðarverð</i>		
Staða í ársbyrjun	1.296.783	1.555.780
Sameining við Fjármálaeftirlitið	-	2.140
Eignfært á árinu	65.809	310.349
Selt og aflagt á árinu	-	(571.486)
Staða í árslok	<u>1.362.592</u>	<u>1.296.783</u>
<i>Afskriftir</i>		
Staða í ársbyrjun	313.185	787.773
Afskrift ársins	116.368	96.898
Selt og aflagt á árinu	-	(571.486)
Staða í árslok	<u>429.553</u>	<u>313.185</u>
Bókfært verð í ársbyrjun	<u>983.598</u>	<u>768.007</u>
Bókfært verð í árslok	<u>933.039</u>	<u>983.598</u>

Afskriftarhlutföll hugbúnaðar eru 10-20% hjá samstæðunni. Samstæðan byrjar ekki að afskrifa hugbúnað fyrr en hann er tekinn í notkun. Nýtt millibankakerfi var tekið í notkun 23. október 2020 og er afskrifað frá þeim tíma. Samstæðan eignfærði vinnu við hugbúnaðarþróun að fjárhæð 160 m.kr. vegna innleiðingar á nýrri virkni í ARK-kerfinu á árunum 2018-2021. Samstæðan byrjaði að afskrifa þá hugbúnaðarþróun þegar nýja virknin var tekin í notkun í september 2021.

Samstæðan komst að samkomulagi við Reiknistofu banka-anna hf. 10. desember 2021 um sölu á bæði ARK-kerfinu og SWIFT-þjónustu. Afhending á kerfunum fór fram 1. janúar 2022. Söluhagnaður af sölu kerfanna sem tekjufærist árið 2022 nemur um 108 m.kr.

## Skýring 21.3 – Aðrar eignir

	31.12.2021	31.12.2020
Eignarhlutur í dótturfélagi utan samstæðu	632.477	680.439
Eignarhlutur í félagi	200.000	-
Eignarhlutur í Alþjóðagreiðslubankanum	184.486	184.486
Kröfur vegna greiðslumiðlunar	375.605	352.244
Fyrirframgreiddur kostnaður	187.462	207.739
Viðskiptakröfur	111.682	236.757
Tekjuskattseign	24.811	11.061
Afdreginn fjármagnstekjuskattur	1.032	1.833
Aðrar eignir	<u>50.412</u>	<u>32.583</u>
Aðrar eignir samtals	<u>1.767.967</u>	<u>1.707.142</u>

### Eignarhlutur í dótturfélagi utan samstæðu

	2021	2020
Staða í ársbyrjun	680.439	975.423
Arður	-	(350.000)
Lækkun hlutafjár	(350.000)	-
Hlutdeild í afkomu	302.038	55.016
Staða í árslok	<u>632.477</u>	<u>680.439</u>

### Eignarhlutur í félagi

Eignarhlutur í félagi samanstendur af 8.795.075 hlutum í Reiknistofu bankanna hf. (RB) sem samsvarar 7,33% af heildarhlutafé RB.

### Eignarhlutur í Alþjóðagreiðslubankanum

Eignarhlutur í Alþjóðagreiðslubankanum (Bank for International Settlements, BIS) er skráður á kostnaðarverði. Seðlabankinn átti 1.070 hluti í árslok 2020. Hver hlutur er 5.000 SDR að

nafnvirði, greitt hefur verið fyrir 25% af nafnvirði eða 1.250 SDR fyrir hvern hlut. Bókfært verð í árslok 2021 nam 184,5 m.kr. en nafnverð þess hluta sem greitt hefur verið fyrir nam 1,3 m.SDR. Seðlabanki Íslands er skuldbundinn til að greiða Alþjóðagreiðslubankanum áskrift að hlutafé verði eftir því kallað. Þegar hefur verið greitt fyrir 25% af áskrift en 75% hluti getur komið til greiðslu og nemur hann 711,2 m.kr. (4 m.SDR) í árslok 2021.

### Tekjuskattseign

	2021	2020
Staða í ársbyrjun	11.061	6.226
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins	13.750	3.226
Aðrir liðir	-	1.609
Staða í árslok	<u>24.811</u>	<u>11.061</u>

### Frestaður skattur skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

	2021	2020
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi	32.537	12.531
Varanlegir rekstrarfjármunir	(7.714)	(892)
Gengismunur	(12)	(27)
Viðskiptakröfur	-	(551)
Tekjuskattseign samtals	<u>24.811</u>	<u>11.061</u>

## Skýring 22 – Eigið fé

### Innkallanlegt eigið fé

Í upphafi árs 2015 gerðu Seðlabanki Íslands og ríkissjóður með sér samkomulag um innkallanlegt eigið fé Seðlabankans. Með samkomulaginu skuldbindur ríkissjóður sig, á grundvelli heimildar í fjárlögum, til að leggja Seðlabankanum til eigið fé í formi markaðshæfra eigna, ef bankinn kallar eftir því í þeim tilgangi að uppfylla lágmarkskröfur um innborgað eigið fé.

Heildarfjárhæð innkallanlegs eigin fjár var 58,3 ma.kr. í árslok 2019. Með gildistöku nýrra laga um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019 hinn 1. janúar 2020, lækkaði innkallanlegt eigið fé um 1,1 ma.kr., í 57,2 ma.kr. Eftirstöðvar innkallanlegs eigin fjár uppreiknast um hver áramót með breytingu á vísitölu neysluverðs.

### Varasjóður og ráðstöfun til ríkissjóðs

Árlegur hagnaður Seðlabankans á liðnu rekstrarári, að teknu tilliti til óinnleystra reiknaðra tekna og gjalda, skal renna í ríkissjóð svo fremi sem honum sé ekki ráðstafað til að efla eigið fé bankans. Bankanum er heimilt að halda sérstaka reikninga meðal eiginfjárreikninga sem taka til óinnleystra tekna og gjalda. Bankinn hefur slíkan reikning meðal eiginfjárreikninga og nefnist reikningurinn „Varasjóður“. Óinnleystar tekjur vegna

hlutdeildar í afkomu dótturfélaga umfram móttækinn arð eru færðar á eiginfjárreikninginn bundnar hlutdeildartekjur.

Meginmarkmiðið með því að halda varasjóð er að tryggja að aðeins sá hagnaður sem hefur verið innleystur myndi grundvöll til ráðstöfunar til ríkissjóðs eða til eflingar á eigin fé bankans. Óinnleystur hagnaður er færður í varasjóð. Óinnleyst tap, umfram þegar skráðan óinnleystan hagnað, færast til lækkunar á hagnaði sem er til ráðstöfunar.

Verðendurmat samanstendur af uppfærðu markaðsverði og gengisbreytingum gjaldmiðla, og nær það til fjárhagslegra eigna og skulda, afleiðna og gulls. Fjármálagerningar í innlendum og erlendum gjaldmiðlum eru verðmetnir hvorir fyrir sig.

Bæði innleystur og óinnleystur hagnaður er færður í gegnum rekstrarreikning. Framlög í varasjóði samstanda af mismun á kostnaðarverði og skráðu markaðsverði. Vegna kerfisbreytinga og þar sem engin staða var á varasjóði í árslok 2017 var ákveðið að kostnaðarverð endurspegli markaðsverð 31. desember 2017.

### Varasjóður greinist þannig:

	2021	2020
Staða í upphafi árs	67.056.063	55.126.282
Óuppgert verðendurmat erlendra verðbréfa	(16.348.410)	8.823.313
Verðendurmat innlendra verðbréfa	(722.827)	291.187
Gengismunur erlendra eigna	(35.399.622)	9.499.853
Gengisendurmat gulls	(192.144)	3.683.579
Uppgert á árinu (fært af varasjóði á annað eigið fé)	14.916.997	(10.368.151)
Staða í lok árs	<u>29.310.057</u>	<u>67.056.063</u>

### Ráðstafað eftirfarandi:

	2021	2020
(Tap) hagnaður ársins	(15.834.479)	68.253.447
Lækkun (hækkun) varasjóðs	37.746.006	(11.929.780)
(Hækkun) lækkun á bundnum hlutdeildarreikningi	(197.792)	225.071
Ráðstöfun ársins	<u>21.713.735</u>	<u>56.548.738</u>

Samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands skal bankinn búa yfir fjárhagslegum styrk sem gerir honum kleift að rækja lögbundið hlutverk sitt. Í því skyni skal Seðlabankinn á hverju ári ákveða eiginfjármarkmið fyrir bankann. Eiginfjármarkmiðið endurspeglar þörf bankans fyrir eigið fé og vaxtaberandi eignir og skal það taka mið af kostnaði af rekstri bankans og þeirri áhættu og óvissu sem bankinn stendur frammi fyrir á hverjum tíma.

Árið 2021 var eiginfjármarkmið bankans ákveðið 150 ma.kr. Eigið fé í árslok 2021 var 134,1 ma.kr. Tap ársins samkvæmt ársreikningi er 15,8 ma.kr. Varasjóður lækkar um 37,7 ma.kr. og bundinn hlutdeildarreikningur hækkar um 197,8 m.kr. Ráðstöfun fyrir árið 2021 er 21,7 ma.kr. Þar sem tap var á rekstri bankans á árinu 2021 og eigið fé í árslok undir eiginfjármarkmiði bankans mun bankinn ekki greiða arð í ríkissjóð á árinu 2022.

#### Þróun á eiginfjárlutfalli bankans

	31.12.2021	31.12.2020	31.12.2019	31.12.2018
Eigið fé (án endurmats)	126.932.619	143.472.039	74.440.977	51.923.012
Endurmat eigna	7.117.895	7.330.069	7.540.925	6.411.632
Eigið fé	134.050.514	150.802.108	81.981.902	58.334.644
Eiginfjárlutfall bankans	13,9%	17,9%	9,8%	7,7%

## Skýring 23 – Útgefnir seðlar og mynt

	31.12.2021	31.12.2020
<b>Seðlar</b>		
10.000 krónur	51.287.500	49.942.500
5.000 krónur	17.818.500	18.826.000
2.000 krónur	210.000	212.000
1.000 krónur	6.608.500	6.415.000
500 krónur	1.699.250	1.669.750
Seðlar samtals	77.623.750	77.065.250
<b>Mynt</b>		
100 krónur	2.811.300	2.791.400
50 krónur	736.040	730.190
10 krónur	620.400	620.560
5 krónur	133.259	132.779
1 króna	121.912	121.932
Mynt samtals	4.422.911	4.396.861
Útgefnir seðlar og mynt samtals	82.046.661	81.462.111

## Skýring 24 – Skuldir við erlenda aðila í erlendum gjaldeyri

Skuldir við erlenda aðila í erlendum gjaldeyri samanstanda af innlánnum og mótvirði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Sjá skýringu 17.2 vegna Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

### Skýring 24.1 – Innlán

Innlán við erlenda aðila í erlendum gjaldeyri eru einungis innlán alþjóðastofnana í evrum.

## Skýring 25 – Skuldir við innlenda aðila í erlendum gjaldeyri

	31.12.2021	31.12.2020
Innlán - Ríkissjóður og ríkisstofnanir	304.564.191	214.152.243
Innlán - Aðrir aðilar	10.891	11.561
Samtals	<u>304.575.082</u>	<u>214.163.804</u>

## Skýring 26 – Skuldir við erlenda aðila í innlendum gjaldeyri

### Skýring 26.1 – Innlán

Innlán erlendra aðila í innlendum gjaldeyri eru eingöngu innlán alþjóðastofnana.

### Skýring 26.2 – Innstæðubréf

Innstæðubréf erlendra aðila í innlendum gjaldeyri voru tilkomin vegna aðgerða við losun hafta. Innstæðubréfin voru gerð upp í júlí 2021.

## Skýring 27 – Skuldir við innlendar lánastofnanir vegna peningastefnu

### Skýring 27.1 – Innlán

	31.12.2021	31.12.2020
Stórgreiðslureikningar	77.783.576	61.544.062
Viðskiptareikningar	-	115.023
Veðreikningar	883.419	4.352.781
Innlán samtals	<u>78.666.995</u>	<u>66.011.866</u>

### Skýring 27.2 – Bindiskylda

Fyrirkomulag bindiskyldu er þannig að hún skiptist í tvo hluta, annars vegar fasta 1% bindingu sem ber enga vexti og hins vegar meðaltalsbindiskyldu og flokkast með innlánnum meðal skulda við innlendar lánastofnanir vegna peningastefnu.

Í yfirlýsingu peningastefnunefndar frá 11. mars 2020 var ákveðið að lækka meðaltalsbindiskylduna niður í 0% en fasta bindiskyldan er áfram 1%.

### Skýring 27.3 – Bundin innlán

	31.12.2021	31.12.2020
Innlán bundin í sjö daga	166.128.457	107.362.237
Innlán bundin til lengri tíma en eins mánaðar	<u>2.911.899</u>	<u>5.586.566</u>
Bundin innlán samtals	<u>169.040.355</u>	<u>112.948.802</u>

Seðlabanki Íslands ákvað að hætta að veita bundin innlán til eins mánaðar á miðju ári 2020.

Stofnað var til nýrrar tegundar af bundnum innlánum árið 2020 sem bundin eru til lengri tíma en eins mánaðar til að tryggja heimildir í greiðslukerfum.

### Skýring 27.4 – Innstæðubríf

Innstæðubríf innlánsstofnana voru tilkomin vegna aðgerða við losun hafta. Innstæðubrífín voru gerð upp í júlí 2021.

## Skýring 28 – Skuldir við innlenda aðila í innlendum gjaldeyri

### Skýring 28.1 – Ríkissjóður og ríkisstofnanir

	31.12.2021	31.12.2020
Innlán	67.636.700	142.098.010
Aðrar skuldir	<u>195.827</u>	<u>191.332</u>
Samtals	<u>67.832.527</u>	<u>142.289.342</u>

### Skýring 28.2 – Aðrir aðilar

	31.12.2021	31.12.2020
Innlán	4.159.270	2.631.228
Aðrar skuldir	<u>-</u>	<u>5.231</u>
Samtals	<u>4.159.270</u>	<u>2.636.459</u>



## Skýring 29 – Aðrar skuldir

	31.12.2021	31.12.2020
Orlofsskuldbinding	652.643	665.716
Ógreidd laun og launatengd gjöld	52.474	50.643
Lífeyrisskuldbinding	66.312	162.676
Viðskiptaskuldir	150.177	186.329
Fyrirfram innheimtar tekjur	468.726	-
Fyrirfram innheimt kaupverð vegna sölu kerfa	270.000	-
Aðrar skuldir	1.743	6.440
Aðrar skuldir samtals	<u>1.662.075</u>	<u>1.071.804</u>

### Ógreidd laun og launatengd gjöld

Ógreidd laun og launatengd gjöld sem flokkuð eru á meðal annarra skulda samanstanda af skuld við lífeyrissjóði og stéttarfélag. Ógreitt tryggingargjald og staðgreiðsla eru flokkuð á meðal skulda við ríkissjóð á meðal skulda við innlenda aðila í innlendum gjaldeyri.

### Lífeyrisskuldbinding

Samkvæmt mati tryggingastærðfræðings námu skuldbindingar Seðlabanka Íslands vegna eftirlauna fyrirverandi bankastjóra og maka þeirra samtals 66,3 m.kr. í árslok 2021. Greiðslur vegna þessara kjara námu alls 30,2 m.kr. á árinu 2021 og færast til lækkunar á áður færðri skuldbindingu. Lækkun skuldbindingar bankans, að teknu tilliti til greiðslna, nam 66,1 m.kr. á árinu 2021 og er hún tekjufærð.

### Breyting skuldbindingarinnar á árinu greinist þannig:

	2021	2020
Lífeyrisskuldbinding í upphafi árs	162.676	174.487
Greitt vegna eftirlauna	(30.215)	(30.328)
Breyting ársins	<u>(66.149)</u>	<u>18.517</u>
Lífeyrisskuldbinding í árslok	<u>66.312</u>	<u>162.676</u>

### Fyrirframinnheimt kaupverð vegna sölu kerfa

Hinn 10. desember 2021 skrifaði samstæðan undir kaupsamning við Reiknistofu bankanna hf. (RB) um sölu á ARK-kerfinu og SWIFT-þjónustu. Kaupverð hins selda var greitt með hlutum í

RB og reiðufé í desember 2021. Afhending á kerfunum fór fram 1. janúar 2022. Söluhagnaður af sölu kerfanna sem tekjufærist árið 2022 nemur um 108 m.kr.

## Aðrar upplýsingar

### Skýring 30 – Krónukerfið

	31.12.2021	31.12.2020
Innlánsstofnanir	247.707.350	178.960.668
Fjármálastofnanir	1.021.926	21.844
Ríkissjóður	67.636.731	142.103.288
Erlendir aðilar	5.545.158	2.493.654
Aðrir aðilar	3.138.009	1.939.787
Greiðslukerfi	375.605	352.244
Útgefnir seðlar og mynt	82.046.661	81.462.111
Samtals	<u>407.471.440</u>	<u>407.333.595</u>

Taflan sýnir heildarstöðu bundinna og lausra innlána, útgefnna seðla og myntar og útistandandi stöðu í greiðslukerfum í lok árs.

### Skýring 31 – Gjaldeyrisviðskipti á árinu

Gjaldeyrisviðskipti á móti krónu í þúsundum króna árið 2021

	Keypt	Selt	Samtals
Evra (EUR)	20.999.400	(51.911.884)	(30.912.484)
Bandaríkjadalur (USD)	5.856.814	(688.245)	5.168.569
Samtals	<u>26.856.214</u>	<u>(52.600.129)</u>	<u>(25.743.915)</u>

Erlendar greiðslur Seðlabankans og viðskiptavina í þúsundum króna árið 2021

	Inngreiðslur	Útgreiðslur	Samtals
Evra (EUR)	119.381.217	(11.695.584)	107.685.633
Bandaríkjadalur (USD)	6.294.886	(8.708.494)	(2.413.608)
Sterlingspund (GBP)	74.227	(428.690)	(354.463)
Japanskt jen (JPY)	42.992	(138.045)	(95.053)
Dönsk króna (DKK)	61.469	(574.907)	(513.438)
Norsk króna (NOK)	1.960	(165.813)	(163.853)
Sænsk króna (SEK)	88.323	(252.683)	(164.360)
Svissneskur franki (CHF)	208.029	(318.594)	(110.565)
Kanadadalur (CAD)	1.526	(108.011)	(106.485)
Samtals	<u>126.154.629</u>	<u>(22.390.821)</u>	<u>103.763.808</u>

### Gjaldeyrisviðskipti á móti krónu í þúsundum króna árið 2020

	<i>Keypt</i>	<i>Selt</i>	<i>Samtals</i>
Evra (EUR)	11.702.237	(149.426.928)	(137.724.691)
Bandaríkjadalur (USD)	35.769	(801.138)	(765.370)
Sterlingspund (GBP)	110.830	-	110.830
Dönsk króna (DKK)	535	-	535
Norsk króna (NOK)	18.333	-	18.333
Samtals	<u>11.867.704</u>	<u>(150.228.066)</u>	<u>(138.360.362)</u>

### Erlendar greiðslur Seðlabankans og viðskiptavina í þúsundum króna árið 2020

	<i>Inngreiðslur</i>	<i>Útgreiðslur</i>	<i>Samtals</i>
Evra (EUR)	1.577.101	(6.098.449)	(4.521.348)
Bandaríkjadalur (USD)	12.867	(6.325.994)	(6.313.128)
Sterlingspund (GBP)	8.628	(873.644)	(865.016)
Japanskt jen (JPY)	-	(567.668)	(567.668)
Dönsk króna (DKK)	36.893	(583.076)	(546.183)
Norsk króna (NOK)	788	(149.854)	(149.067)
Sænsk króna (SEK)	330	244	574
Svissneskur franki (CHF)	244.303	(354.478)	(110.176)
Kanadadalur (CAD)	132	(93.889)	(93.756)
Samtals	<u>1.881.042</u>	<u>(15.046.809)</u>	<u>( 13.165.766)</u>

## Skýring 32 – Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru ríkið (eigandi Seðlabanka Íslands), F fasteignafélag ehf. (dótturfélag utan samstæðu), bankastjóri, lykilstjórnendur og bankaráð.

Stöður og viðskipti og allar óinnleystar tekjur og gjöld milli eininga innan samstæðu eru felld út við gerð samstæðureikningskila og eru ekki hluti af þessari skýringu.

### Ríkissjóður

#### Vaxtatekjur og gjöld við ríkissjóð greinast þannig:

	2021	2020
Vaxtatekjur af ríkisbréfum	496.022	23.276
Vaxtagjöld af viðskiptareikningum	1.873.680	3.501.006
Vaxtagjöld af gjaldeyrisreikningum	78	542
Vaxtagjöld af afleiðusamningum	-	225.255
Vaxtagjöld við ríkissjóð samtals	<u>1.873.757</u>	<u>3.726.802</u>
Hrein vaxtagjöld við ríkissjóð	<u>(1.377.735)</u>	<u>(3.703.527)</u>

#### Hreinar vaxtaberandi eignir greinast þannig:

	31.12.2021	31.12.2020
Ríkisbréf	21.834.841	7.770.361

#### Hreinar vaxtaberandi skuldir greinast þannig:

	31.12.2021	31.12.2020
Innstæður ríkissjóðs og ríkisstofnana	67.832.527	142.289.342
Gjaldeyrisreikningur ríkissjóðs	<u>304.564.191</u>	<u>214.152.243</u>
Samtals	<u>372.396.718</u>	<u>356.441.585</u>

### F fasteignafélag ehf. (dótturfélag utan samstæðu)

Samstæðan átti í engum viðskiptum við F fasteignafélag ehf. á árunum 2020-2021. F fasteignafélag ehf. greiddi Seðlabankanum 350 m.kr. vegna lækkunar hlutafjár árið 2021, félagið greiddi bankanum 350 m.kr. arð árið 2020.

Samstæðan átti 1.390 m.kr. kröfu á F Fasteignafélag ehf. í lok árs 2019 sem F fasteignafélag ehf. greiddi samstæðunni árið 2020. F fasteignafélag ehf. átti ekki kröfu á samstæðuna í árslok 2021 né í árslok 2020.

## Bankastjóri, lykilstjórnendur og bankaráð

Á árinu 2021 námu heildarlaun bankastjóra, lykilstjórnenda og bankaráðs 435 m.kr. Bankastjóri fær ekki greidda þóknun fyrir setu í stjórnnum og nefndum sem stofnanir og fyrirtæki á fjár-

málamarkaði standa sameiginlega að eða Seðlabanki Íslands tilnefnir fulltrúa í samkvæmt lögum. Heildarlaun til bankastjóra, lykilstjórnenda og bankaráðs á árinu 2021 greinast þannig:

	2021	2020
<i>Bankastjóri</i>		
Ásgeir Jónsson	27.757	25.078
<i>Varaseðlabankastjórar</i>		
Rannveig Sigurðardóttir, peningastefna	26.224	24.203
Gunnar Jakobsson, fjármálastöðugleiki frá og með 1. mars 2020	22.854	17.692
Unnur Gunnarsdóttir, fjármálaeftirlit	24.840	23.049
<i>Lykilstjórnendur</i>		
Framkvæmdastjórar <sup>1</sup>	312.251	319.623
<i>Bankaráð</i>		
Gylfi Magnússon, formaður	4.800	3.804
Þórunn Guðmundsdóttir, varaformaður	3.600	2.853
Aðrir bankaráðsmenn og varamenn	12.200	9.727
Samtals heildarlaun bankastjóra, lykilstjórnenda og bankaráðs	<u>434.526</u>	<u>426.029</u>

1. Framkvæmdastjórar í árslok 2021: Þórarinn G. Pétursson, framkvæmdastjóri hagfræði og peningastefnu, Sturla Pálsson, framkvæmdastjóri markaðsviðskipta, Haukur C. Benediktsson, framkvæmdastjóri fjármálastöðugleika, Elmar Ásbjörnsson, framkvæmdastjóri banka, Rúnar Guðmundsson, framkvæmdastjóri lífeyris og váttrygginga, Páll Friðriksson, framkvæmdastjóri markaða og viðskiptahátta, Björk Sigurgísladóttir, framkvæmdastjóri lagalegs eftirlits og vettvangsathugana, Rannveig Júníusdóttir, framkvæmdastjóri skrifstofu bankastjóra, Þóra Helgadóttir, framkvæmdastjóri rekstrar, Logi Ragnarsson, framkvæmdastjóri upplýsinga-tækni/gagnasöfnunar, Erla Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri fjárhags, Íris Guðrún Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs og Vigdís Ósk Helgadóttir, framkvæmdastjóri Greiðsluveitunnar ehf.

## Skýring 33 – Kostnaðargreining

	<i>Laun og launatengd gjöld</i>	<i>Annar rekstrarkostnaður og afskriftir</i>	<i>Þjónustugjöld</i>	<i>Sameiginlegur kostnaður</i>	<i>Samtals</i>
2021					
Yfirstjórn	800.384	87.274	-	(887.657)	-
Peningastefna	892.753	466.370	484.882	1.691.076	3.535.080
Fjármálastöðugleiki	457.818	27.244	-	796.608	1.281.671
Fjármálaeftirlit	1.228.669	115.250	-	1.172.011	2.515.930
Stoðsvið	1.371.561	1.400.422	55	(2.772.037)	-
Greiðsluveitan	164.237	84.827	189.593	-	438.657
Samtals	<u>4.915.421</u>	<u>2.181.388</u>	<u>674.529</u>	<u>-</u>	<u>7.771.338</u>
2020					
Yfirstjórn	680.865	81.112	-	(734.351)	27.626
Peningastefna	919.285	223.240	293.474	1.241.176	2.677.175
Fjármálastöðugleiki	447.970	24.050	-	614.392	1.086.412
Fjármálaeftirlit	1.238.257	89.825	-	1.089.673	2.417.755
Stoðsvið	1.677.373	1.207.400	39	(2.210.891)	673.922
Greiðsluveitan	182.786	103.633	243.389	-	529.808
Samtals	<u>5.146.535</u>	<u>1.729.260</u>	<u>536.903</u>	<u>-</u>	<u>7.412.698</u>

## Skýring 34 – Fjármálaeftirlit

	2021	2020
Eftirlitstekjur	2.130.215	2.359.005
Laun og launatengd gjöld	(1.228.669)	(1.238.257)
Annar rekstrarkostnaður	(115.250)	(89.825)
Sameiginlegur kostnaður	(1.172.011)	(1.089.673)
Rekstrartap ársins	<u>(385.715)</u>	<u>(58.750)</u>

Samkvæmt lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og skilavald, skal taka tillit til rekstrarafgangs og rekstrartaps við ákvörðun eftirlitsgjalds. Eigið fé Fjármálaeftirlitsins nam 690,9 m.kr. við sameiningu við Seðlabanka Íslands 1. janúar 2020. Rekstrartap fjármálaeftirlits

Seðlabanka Íslands árið 2021 nam 385,7 m.kr. (2020: 58,8 m.kr.). Uppsafnaður rekstrarafgangur fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands var 246,1 m.kr. í árslok 2021 (31.12.2021: 632,1 m.kr.). Tekið hefur verið tillit til uppsafnaðs rekstrarafgangs við ákvörðun eftirlitsgjalds fyrir árið 2022.

## Skýring 35 – Önnur mál

Áhrifa af COVID-19-farsóttinni gætti á gjaldeyrismarkaði á árinu. Seðlabankinn átti gjaldeyrisviðskipti til að draga úr sveiflum eftir því sem hann taldi tilefni til og til að bæta verðmyndun á markaðnum en í mun minna mæli en árið áður.

Seðlabanki Íslands hefur aðgang að lánaþyrngreiðslu hjá Alþjóðagreiðslubankanum í formi endurhverfra verðbréfavíðskipta að fjárhæð 400 m. Bandaríkjadala, sem svarar til 52,1 ma.kr. miðað við árslokagengi 2021. Bankinn nýtti sér ekki þessa fyrirgreiðslu á árinu 2020 né á árinu 2021.

## Skýring 36 – Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningsskiladags sem kalla á leiðréttingar eða viðbótarupplýsingar í samstæðuársreikningi bankans 31. desember 2021.



## Áhættustýring

Seðlabanki Íslands er opinber stofnun sem hefur ákveðnu hlutverki að gegna samkvæmt ákvæðum laga sem einkum lúta að peningamálastjórnun með vaxtaákvörðunum sínum og ávöxtun gjaldeyrisvarasjóðs landsmanna. Áhætta í rekstri hans er því af nokkuð annarri gerð en í rekstri fjármálastofnana þó að sömu heiti séu notuð. Fjárhagsleg áhætta Seðlabanka Íslands greinist í kröfu-, lausafjár- og markaðsáhættu. Kröfuáhætta er hætta á tapi vegna þess að mótaðilar eða útgefendur eru ófærir um að standa við fjárhagslegar skuldbindingar sínar á réttum tíma. Kröfuáhættu er skipt upp í útgefandaáhættu/mótaðilaáhættu og uppgjörsáhættu. Lausafjáraáhætta er sú áhætta sem felst í að Seðlabankinn verði ófær um að sinna verkefnum sínum og skyldum vegna þess að eignir eru ónógar, ekki er hægt að selja þær í tíma eða aðeins er hægt að selja þær með verulegum

afslætti. Markaðsáhætta er skilgreind sem hætta á tapi vegna breytinga á markaðsvirði fjáreigna og skulda. Markaðsáhætta skiptist í gjaldeyrisáhættu, vaxtaáhættu og gullverðsáhættu. Að auki býr bankinn við rekstraráhættu en það er áhættan af því að mannleg mistök eigi sér stað eða innri verkferlar og kerfi bregðist.

Eignahlið samstæðureiknings Seðlabankans samanstendur mestmegnis af erlendum eignum, sem varðveittar eru í gjaldeyrisvarasjóði bankans og innlendum fjáreignum útgefnum af ríkissjóði eða með ríkisábyrgð. Hér á eftir fylgir umsögn um fjárhagslega megináhættu Seðlabankans sem að stærstum hluta er vegna gjaldeyrisforða.

### Skýring 37 – Gjaldyrisforði

Við stýringu gjaldyrisforða er farið eftir starfsreglum um varðveislu gjaldyrisforða sem uppfærðar voru í október 2021. Í reglunum er kveðið á um tilgang og skipulag forðans sem og

mörk ásættanlegrar áhættu. Á grundvelli reglnanna er sett fjárfestingarheimild þar sem kveðið er á um hvernig varðveisla forðans skal framkvæmd.

